



Árs- og sjálfbærniskýrsla


2023



Um skýrsluna

Íslandsbanki gefur út samþætta árs- og sjálfbærniskýrslu. Bankinn birtir einnig aðrar skýrslur með viðbótarefni sem ætlað er að veita hagsmunaaðilum frekari upplýsingar um tiltekið efni eins og áhættustýringu, fjárhag bankans og vinnu bankans tengda sjálfbærni.

Saman gefa þessar skýrslur heildstæða og ítarlega mynd af starfsemi bankans á árinu 2023, ásamt helstu áherslum. Skýrslurnar eru unnar í samræmi við alþjóðlegar reglur og staðla eins og alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), UFS leiðbeiningar Nasdaq, Greenhouse Gas Protocol, PCAF aðferðarfræðina (e. Partnership for Carbon Accounting Financials), TCFD viðmið (e. Task Force on Climate-Related Financial Disclosures), íslensk lög og evrópskar reglur.



Efnisyfirlit



1 Ávörp	4	5 Sterkir innviðir sem byggja á fagmennsku	28
Ávarp stjórnarformanns		Stafræn þróun og gögn	
Ávarp bankastjóra		Áhættustýring	
		Regluvarsla	
2 Þetta er Íslandsbanki	11	6 Sjálfbær Íslandsbanki	36
2023 í tölum		Umhverfisþættir	
Fólkið okkar		Félagslegir þættir	
Árið 2023		Stjórnarhættir	
3 Stefna Íslandsbanka	16	7 Efnahagságrip	58
Ný stefna		8 Fjármál og fjármögnun	63
4 Sköpum virði til framtíðar með framúrskarandi þjónustu	19	9 Stjórnskipulag	68
Einstaklingar			
Viðskiptabanki			
Fyrirtæki og fjárfestar			
Íslandssjóðir			

Árs- og sjálfbæriskýrsla þessi var samin á íslensku, sé munur á íslenskrí útgáfu og enskrí þýðingu þá gildir íslenska útgáfan. Skýrslan er birt með fyrirvara um villur. Komi í ljós innsáttarvillur, misræmi eða aðrar villur áskilur Íslandsbanki sér rétt til að leiðrétta slíkar villur. Skýrslan er birt í upplýsingaskyni og því skal ekki lítið á hana sem ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu.



Ávörp



Ávarp stjórnarformanns

Það er óhætt að segja að árið 2023 hafi í senn verið viðburðaríkt og lærdómsríkt í rekstri bankans. Árið byrjaði vel með innleiðingu á nýrri stefnu og góðum árangri í stafrænni þjónustu en í kjölfarið fylgdu áföll í tengslum við sáttina vegna sölu á eignarhlut ríkisins í bankanum. Seinni hluti árs hefur verið nýttur til þess að ná stöðugleika á ný, bæði innanhúss og gagnvart viðskiptavinum okkar og ljúka úrbótavinnu í tengslum við sáttina sem gerð var við Seðlabanka Íslands. Þá höfum við unnið að hörðum höndum að bættum vörnum gegn peningabætti. Allt mun þetta skila sér til frambúðar og nauðsynlegur grunnur þess að gera bankann tilbúinn að takast á við framtíðartækifæri.

Það voru ekki einungis innri áskoranir sem lituðu árið 2023 heldur einnig náttúruhamfarir eins og fólkið okkar í Grindavík þurfti því miður að upplifa, einnig eru aðstæður á bankamarkaði hér á Íslandi mjög ólíkar því sem alþjóðlegir samkeppnisaðilar okkar starfa við en eiginfjárkröfur íslenskra banka eru með því hæsta sem sést í heiminum. Það er skýrt að á íslenskum markaði eru tækifæri og þörf á sameiningu og verður áhugavert að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér í þeim málum. Afar mikilvægt er að land og þjóð ásamt eftirlitsaðilum myndi sér sterka sýn á því hvernig framtíðar eignarhald og landslag á fjármálamarkaði lítur út. Efnahagsumhverfið var krefjandi þegar hagkerfið hóf skeið aðlögunar eftir kröftugt vaxtarskeið. Þótt merki um þenslu hafi verið talsverð á vinnumarkaði sem og víðar í þjóðarþúskapnum hafa heimili og fyrirtæki góðu heilli gengið fremur varlega um gleðinnar dyr. Fjárhagsstaða þeirra er almennt sterk og skuldir hóflegar í sögulegum og alþjóðlegum samanburði.

Ferðapjónustan hefur í stórum dráttum jafnað sig eftir það högg sem heimsfaraldurinn reiddi henni og er á ný komin í forystu meðal útflutningsgreina þjóðarbúsins. Horfur eru á að árið 2024 verði metár hvað komur ferðafólks hingað til lands varðar. Þá hefur verið ánægjulegt að fylgjast með öðrum vaxtarbroddum í útflutningsgreinum sem byggja að stærstum hluta á hugviti og betri nýtingu þeirra auðlinda sem við Íslendingar búum að.

Staða bankans er mjög sterk og bankinn hefur lagt mikla áherslu á að standa með viðskiptavinum sínum í krefjandi efnahagsumhverfi. Eiginfjárstaða bankans er sömuleiðis sterk og afstaða lánsþæfismatsfyrirtækja til bankans endurspeglar jákvætt viðhorf til undirliggjandi rekstrar. Reksturinn hefur verið stöðugur og arðsemi eigin fjár yfir markmiðum.

“

Mikilvægt er að þekking og kunnátta viðhaldist í bankanum í bland við nýja vinda og við erum sannfærð um að þetta mikla lærdómsár verði til þess að styrkja enn betur stoðir og rekstur bankans.

Linda Jónsdóttir
Stjórnarformaður



Útlit fyrir minni verðbólgu og lægri vexti

Í kjölfar hjaðnandi verðbólgu er gert ráð fyrir að Seðlabankinn hefji vaxtalækkunarferli síðar á þessu ári. Minnkandi verðbólga og lækkun vaxta verða án efa kærkomin heimilum og fyrir-tækjum landsins enda er útlit fyrir að kaupmáttur launa vaxi nokkuð á árinu þrátt fyrir hægari hækkun launa en verið hefur síðustu misseri. Raunvextir verða þó líkast til nokkuð háir allt þetta ár, sem mun draga úr fjárfestingarvilja fyrirtækja og hvetja almenning til sparnaðar fremur en verulegrar aukningar í neyslu.

Fastir vextir losna

Í hávaxtaumhverfi er eðlilegt að hreyfing verði á lána-samsetningu heimila. Mikil færsla hefur verið frá óverð-trygðum lánum yfir í verðtryggt lán þar sem heimili leita í viðráðanlegri greiðslubyrði. Bankinn fylgist vel með stöðu viðskiptavina og hefur reynt að koma til móts við þá eins og hægt er, meðal annars með fræðslu um leiðir til að lækka greiðslubyrði. Á árinu 2023 kom til vaxtaendurskoðunar á um 15 milljörðum króna af húsnæðislánum sem báru tímabundið fasta vexti, og var nokkur hluti þeirra endurfjármagnaður með verðtrygðum lánum. Á árinu 2024 er gert ráð fyrir að um 43 milljarðar króna af húsnæðislánum með tímabundið fasta vexti komi til vaxtaendurskoðunar, og árið eftir um 57 milljarðar króna. Verði þróunin áfram sú sama og verið hefur, má búast við að lánasamsetning bankans flytjist í auknum mæli yfir í verðtryggt lán, sem gæti leitt til áframhaldandi aukningar í verðtryggingaójöfnuði bankans.

Uppbygging og úrbótavinna

Árið litaðist af vinnu við að styrkja stoðir og menningu bankans í kjölfar samkomulags við Seðlabanka Íslands um að ljúka með sátt máli vegna brota Íslandsbanka við sölumæðferð 22,5% eignarhlutar ríkisins í bankanum sem fór fram 22. mars 2022. Bankinn greiddi 1.160 milljónir króna í sekt og skuldbatt sig til tiltekinna úrbóta, til að mynda er varðar skilyrðislausar hljóðritanir, bættu flokkun viðskiptavina og upplýsingagjöf til þeirra sem og betri og skýrari hagsmunaárekstragreiningu og áhættumöt verkefna. Þá var að auki lögð mikil áhersla á að styrkja stjórnarhætti bankans sem styður við sterka áhættumenningu nú og til framtíðar. Bankinn naut ráðgjafar Oliver Wyman í þetta mikilvæga málefni og hefur starfsfólk bankans sett gríðarlega mikinn kraft og vinnu í úrbótavinnuna. Til viðbótar hafa orðið miklar mannabreytingar, bæði í stjórn og hópi stjórnenda bankans. Á hluthafafundi bankans í júlí var ný stjórn kjörin af hluthöfum þar sem við komum fjögur ný inn í stjórn bankans. Þá hafa einnig orðið miklar breytingar á framkvæmdastjórn bankans með sex nýjum ráðningum sem eru blanda af fólki innan bankans og aðilum sem koma með þekkingu úr öðrum fyrirtækjum innanlands og utan. Mikilvægt er að þekking og kunnáttu viðhaldist í bankanum í bland við nýja vinda og við erum sannfærð um að þetta mikla lærdómsár verði til þess að styrkja enn betur stoðir og rekstur bankans.

Góð þjónusta aðalatriði

Í upphafi árs var ný stefna mótuð fyrir bankann með aðstoð McKinsey. Hlutverk bankans er áfram að vera **hreyfiafl til góðra verka** og framtíðarsýnin að **skapa virði til framtíðar með framúrskarandi þjónustu**. Íslandsbanki hefur um langt skeið lagt mikla áherslu á þjónustu og halda þær áherslur áfram að vera í forgrunni bæði meðal viðskiptavina og starfsfólks.

Framúrskarandi þjónusta í hlutverki bankans þýðir í okkar huga að við séum fær um að veita stafræna þjónustu með einföldum hætti þegar viðskiptavinur þarf á þjónustunni að halda. Samhliða þarf persónuleg þjónusta og ráðgjöf að vera öflug fyrir stærri ákvarðanir og við munum halda áfram að styðja við viðskiptavini í þeirra áskorunum. Einnig þurfum við að þekkja okkar viðskiptavini vel, hvað er það sem þá vantar og hvernig getum við sem best unnið saman til þess að viðskiptavinum gangi vel. Jafnframt finnst okkur mjög mikilvægt að viðhalda fræðslu til viðskiptavina og efla þeirra fjárhagslegu heilsu. Eins og með öll markmið þá nást þau ekki á fyrsta degi en það er mikill metnaður innan bankans um að bæta sig dag frá degi.

Sjálfbærni er áfram ein af fjórum stefnuáherslum bankans. Óhætt er að segja að væntingar til fyrirtækja á sviði sjálfbærni hafi aukist verulega síðustu misseri – bæði vegna aukins umfangs regluverks er varðar málaflokkinn en einnig vegna sterkara ákalls frá hinum ýmsu hagaðilum svo sem starfsfólki, fjárfestum og viðskiptavinum. Á árinu voru stór skref tekin í átt



að áframhaldandi samþættingu sjálfbærnisjónarmiða í rekstri bankans svo sem vinna við tvöfalda mikilvægisgreiningu, mat á sjálfbærniáhættu í lánasafni og uppfærsla á sjálfbærum fjármögnunarramma sem birtur var í upphafi árs 2024. Öll þessi vinna miðar að því að bankinn sé betur í stakk búinn til að styðja við upplýsta ákvarðanatöku og stýringu áhættu, bregðast við auknum kröfum um sjálfbærniupplýsingagjöf og síðast en ekki síst styðja viðskiptavinum á þeirra sjálfbærni-vegferð. Stærsta tækifæri bankans til þess að vera raunverulegt hreyfiafl til góðra verka er að taka þátt í að fjármagna þá umbreytingu sem þarf að eiga sér stað í íslensku samfélagi til þess að metnaðarfull markmið Íslands á sviði loftslags- og jafnréttismála geti náðst.

Rekstur og verkefnin framundan

Þegar horft er yfir árið var það heilt yfir gott í rekstri bankans. Hagnaður af rekstri bankans fyrir árið nam 24,6 milljörðum króna og arðsemi eigin fjár er yfir fjárhagslegum markmiðum bankans. Tekjur af kjarnastarfsemi eru enn stærstur hluti tekna bankans, gæði eigna eru mikil og veðstaða trygg. Bankinn stendur því á traustum grunni og er reiðubúinn í að ráðast áfram í verkefni með viðskiptavinum okkar.

Stafrænar dreifileiðir verða sífellt vinsælli meðal viðskiptavina okkar og bankinn vill áfram vera í fararbroddi í þeirri þróun að auka stafræna bankapjónustu og bæta stafrænt þjónustuframboð svo viðskiptavinir bankans fái notið einstaklingsmiðaðrar þjónustu sem nýtist í þeirra verkefnum og tækifærum hverju sinni.

Þakkir til starfsfólks

Það var mikill heiður að taka sæti í stjórn Íslandsbanka á árinu. Hjá Íslandsbanka vinnur frábært fólk sem vill vera hreyfiafl í verkefnum viðskiptavina sinna og á bankinn að baki langa og farsæla sögu.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri bankans til 15 ára og starfsmaður til 30 ára, kvaddi bankann í sumar og vil ég fyrir hönd stjórnar þakka fyrir hennar mikilvæga framlag í öll þessi ár þar sem jafnrétti og sjálfbærni varð sterkur hluti af menningu bankans. Við keflinu tók Jón Guðni Ómarsson sem hefur stýrt bankanum af mikilli festu og leitt bankann áfram í gegnum krefjandi uppbyggingartímabil, hann hefur einnig mikla reynslu úr bankanum eftir að hafa starfað hjá bankanum og forverum hans í hartnær aldarfjórðung. Við horfum björtum augum á nýtt ár og hlökkum til komandi áskorana með viðskiptavinum okkar.

Ég vil þakka starfsfólki bankans fyrir þeirra framlag en þetta ár hefur ekki verið þeim auðvelt í þeirri erfiðu umræðu sem átti sér stað í samfélaginu. Það hefur verið mjög skýrt í allri úrbótavinnu á árinu að hjá bankanum vinnur fólk sem er mjög staðfast á vegferðinni við að bæta þá þætti sem þarf að bæta með það fyrir augum að standa upp enn sterkari. Með sterkari grunn og með gildi okkar í fyrirrúmi munum við með eldmóði nýta okkur þau tækifæri sem eru til staðar.

Ávarp bankastjóra

Árið 2023 var ár breytinga og úrbóta hjá Íslandsbanka. Árið var farsælt rekstrarlega séð og var arðsemi yfir markmiðum bankans. Ytri aðstæður hafa um margt verið erfiðar í íslensku efnahagslífi í mikilli verðbólgu og háu vaxtastigi. Íslandsbanki stígur ölduna með viðskiptavinum sínum um leið og hann leggur kapp á að vera hreyfiafl til góðra verka í samfélaginu.

Ráðist var í mikla úrbótavinnu

Miklar breytingar urðu hjá bankanum í lok júní, þegar Birna Einarsdóttir steig til hliðar eftir 15 ár sem bankastjóri. Birna var mikill leiðtogi innan bankans og afar vinsæl meðal starfsfólks. Hún stýrði bankanum í gegnum krefjandi tíma eftir fjármálahrunið 2008 og var framsýnn leiðtogi í íslensku atvinnulífi.

Í starfsemi bankans er í mörg horn að líta. Ráðist var í mikla úrbótavinna vegna ágalla á framkvæmd við söluferli bankans árið 2022. Sú vinna gekk vel og örugglega með miklum samtakamætti starfsfólks. Meðal helstu úrbóta var að gera viðeigandi breytingar á reglum og verklagi, svo sem reglum um viðskipti starfsfólks og um hljóðritanir. Þá var eitt helsta og mikilvægasta verkefnið að treysta í sessi sterka áhættumenningu þvert á allan bankann. Loks má nefna að sett var upp sérstök skyldufræðsla fyrir starfsfólk og spurningum er varða áhættumenningu bætt í hálfárslega vinnustaðagreiningu.

Annað umfangsmikið viðfangsefni sem við tókumst á við var að bregðast við athugun fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á aðgerðum Íslandsbanka gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Lokaskýrsla fjármálaeftirlitsins, sem barst Íslandsbanka í september 2023, hafði að geyma ýmsar ábendingar og athugasemdir við framkvæmd bankans á þeim þáttum sem athuginin laut að. Strax var hafin vinna við að bæta úr þeim ágöllum sem fjármálaeftirlitið benti á.

Þróun stafrænnar þjónustu heldur áfram

Á árinu lögðum við sérstaka áherslu á samhæfingu og nýtingu stafrænna gagna með stofnun nýs sviðs þar sem saman koma okkar færustu sérfræðingar í tæknimálum, vörubróun og gagnameðferð. Er nálgunin í samræmi við stefnu bankans um að bjóða þjónustu sem byggir á stafrænum lausnum og hagnýtingu gagna. Árangurinn lét heldur ekki á sér standa með innleiðingu nýrra stafrænna lausna jafnt fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Þannig hefur þróun spjallmennisins Fróða haldið áfram en hann nýtir gervigreind til að efla þjónustu og svör til viðskiptavina og hefur hann hlotið afar góðar viðtökur.

“

Á árinu lögðum við sérstaka áherslu á samhæfingu og nýtingu stafrænna gagna með stofnun nýs sviðs þar sem saman koma okkar færustu sérfræðingar í tæknimálum, vörubróun og gagnameðferð.

Jón Guðni Ómarsson
Bankastjóri



Þá hafa mikilsverðar framfarir átt sér stað með stafrænni endurfjármögnun lána, sjálfvirkri lánveitingu og greiðslumati. Eins hefur bankinn lagt áherslu á innleiðingu stafrænna lausna fyrir fyrirtæki, sem nú geta með rafrænum hætti skráð sig í viðskipti og annast viðskipti með verðbréf í stafrænum dreifileiðum. Í þróun er jafnframt nýr netbanki fyrirtækja með aukinni og betri virkni.

Stafrænni bankaþjónusta fylgja líka aukin tækifæri til enn viðtækari þjónustu við viðskiptavinum. Að velja sér bankaþjónustu sem hentar getur reynst snúið en nýtt stafrænt viðmót einfaldar skref viðskiptavina okkar. Góð þjónusta snýst um að þekkja þarfir viðskiptavina sinna, upplýsa um þá kosti sem henta hverju sinni og vera til staðar á mikilvægum tímamótum. Að geta með auðveldum hætti hafið greiðslumat og fengið vissu um greiðslugetu innan nokkurra mínútna kann að skipta sköpum við ákvarðanatöku um hvort tilboð skuli gert í húsnæði eða ekki.

Nýjum reikningi sem kynntur var á árinu, verðtryggðri Ávöxtun, var vel tekið af viðskiptavinum, en slíkan reikning er bara hægt að stofna rafrænt. Verðtryggð Ávöxtun er verðtryggður reikningur sem er aðeins bundinn í 90 daga í stað þriggja ára eins og eldri verðtryggðir reikningar voru. Hann hentar þannig einstaklingum sem vilja hærri vexti á bundnum sparnaði til skemmri tíma. Ávöxtunar-reikningar eru nú orðnir yfir 20 þúsund talsins.

Bankinn styður við nýsköpun

Á haustdögum styrkti Frumkvöðlasjóður Íslandsbanka 14 verkefni um alls 50 milljónir króna. Stöðugur vöxtur hefur verið í umsóknum í sjóðinn sem endurspeglar mikla grósku í íslensku nýsköpunarumhverfi, á síðasta ári voru þær 132, en 90 árinu áður. Frá stofnun hefur sjóðurinn styrkt margvísleg verkefni um alls 215 milljónir króna.

Skemmtilegt hefur verið að fylgjast með verkefnum ná þroska líkt og gerðist þegar hátæknisprotafyrirtækið Payday var selt norska hugbúnaðarfyrirtækinu Visma, en Íslandsbanki kom að Payday og eignaðist hlut í fyrirtækinu fyrir þremur árum síðan. Hlutverk Íslandsbanka er að vera hreyfiafl til góðra verka og það finnst okkur sannarlega hafa tekist í stuðningi og aðkomu bankans að vexti Payday.

Fjártækni og sjálfvirknivæðing er okkur líka hugleikin í viðleitni til að auðvelda ferla og létta viðskiptavinum sporin í bankaviðskiptum. Til marks um þessa þróun er að á árinu 2023 voru 89% af lykilverum bankans seldar í gegnum rafrænar dreifileiðir og 88% viðskiptavina greiða fyrir vörur og þjónustu með snertilausum greiðslulausnum.

Stafræn þróun og netverslun kallar á aukna árvekni, bæði af hálfu bankans og viðskiptavina. Með auknum viðskiptum á netinu hefur stafrænum svikum fjölgað. Íslandsbanki hefur lengi boðið lausnir á borð við að frysta kort og stilla heimild en á árinu voru kynntar breytingar í appi bankans sem stuðla að auknu öryggi. Viðbótarauðkenningar er nú krafist fyrir aðgerðir þar sem nálgast má upplýsingar á borð við kortanúmer og gildistíma. Þá hefur Íslandsbanki sett upp öflugt svikavaktarteymi með það að markmiði að grípa möguleg svik ásamt því að leysa úr þeim svikum sem upp koma. Svikavaktin vinnur náð með neyðarþjónustu bankans og því geta viðskiptavinir bankans treyst á og fengið þjónustu allan sólahringinn. Nýlega kynnti bankinn svo til sögunnar nýja auðkenningarleið sem byggir á staðfestingu netgreiðslna með rafrænum skilríkjum og hefur henni verið vel tekið.

Fækkun fermetra

Útibú bankans á Akranesi var flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði, steinsnar frá því gamla. Minnkaði húsnæðið á sama tíma úr 320 fermetrum í 200 fermetra og styður því við markmið bankans

um aukið hagræði í bankaþjónustu. Snemma árs 2024 mun bankinn einnig flytja útibú bankans á Húsavík í nýtt húsnæði á besta stað og er þar aftur gætt að hagkvæmni og stærð, en á sama tíma tryggð góð og falleg aðstaða fyrir starfsfólk og viðskiptavinum.

Íslandssjóðir bjóða úrval sparnaðarkosta

Íslandssjóðir hafa í um 30 ár boðið íslenskum sparifjár-eigendum gott úrval sparnaðarkosta, allt frá skammtíma-sjóðum fyrir lausafé til hlutabréfasjóða sem henta fyrir sparnað og fjárfestingar til lengri tíma. Um 12 þúsund viðskiptavinir velja að ávaxta sparifé sitt í sjóðum Íslandssjóða.

Á árinu 2023 stofnuðu Íslandssjóðir sjóðinn IS Haf fjárfestingar þar sem Útgerðarfélag Reykjavíkur er kjölfestufjárfestir og samstarfsaðili. IS Haf er 10 milljarða króna fagfjárfestasjóður sem fjárfestir í haftengdri starfsemi, allt frá hráefnisöflun og vinnslu til haftengdra tæknilausna, innviða og sjávarpengdri líftækni. Sjóðurinn hefur fjárfest í tveimur haftengdum fyrir-tækjum á árinu og frekari fjárfestingarkostir eru í skoðun.

Á árinu fögnuðu Íslandsbanki og eignastýringarfyrirtækið Vanguard 25 ára samstarfsafmæli. Vanguard er stærsti stýringaraðili verðbréfasjóða í Bandaríkjunum og var Íslandsbanki fyrsti samstarfsaðili Vanguard utan Bandaríkjanna. Eignastýring Íslandsbanka bauð af þessu tilefni til fundar þar sem fulltrúar Vanguard fluttu áhugavert erindi um fjárfestingarstefnu félagsins og hröktu algengar mýtur um fjárfestingar. Vanguard hefur látið meira til sín taka í fjárfestingum hér á landi frá árinu 2022, eftir að Ísland færðist upp um flokk hjá alþjóðlega vísitölufyrirtækinu FTSE Russell. Þá hafa stærstu lífeyrissjóðir landsins fjárfest í Vanguard verðbréfasjóðum og eru Vanguard eignir meðal stærstu erlendu eigna lífeyrissjóðanna. Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs Vanguard næstu 25 árin.



Sveiflur á mörkuðum

Pungt var yfir íslenskum hlutabréfamarkaði á árinu samhliða löngu og bröttu vaxtahækkunarferli. Þá settu þrálát verðbólga og ýmsir óvissupættir sinn svip á markaðinn. Skuldabréfamarkaður var þungur framan af ári en tók svo við sér á seinni hluta ársins. Nú virðist útlit fyrir að hápunktí vaxtahækkunarferlisins hafi eða verði fljótt náð. Standa vonir til þess að verðbrefamarkaðir taki því við sér á árinu 2024.

Gjaldeyrismiðlun Íslandsbanka náði enn og aftur góðum árangri á árinu 2023 og líklega óhætt að tala um metár í gjaldeyrisviðskiptum, en Íslandsbanki er leiðandi á þeim markaði. Velta í gjaldeyrismiðlun hefur aukist umtalsvert, ekki síst vegna vaxtar í ferðaþjónustu og aukinnar notkunar gjaldeyrisvarna.

Afar ánægjulegt var hversu vel tókst til við hlutafjárútboð og skráningu Ísfélags hf. á aðalmarkað Nasdaq Iceland, þar sem Íslandsbanki var einn umsjónaraðila útboðsins. Tæplega fjórföld eftirspurn var eftir bréfum félagsins í almennu hlutafjárútboði sem lauk í byrjun desembermánaðar.

Bankinn stendur styrkum fótum

Alþjóðlegu lánshæfismatsfyrirtækin S&P og Moody's vottuðu á árinu góða stöðu Íslandsbanka og ánægjulegt er að sjá bættu lánshæfismatseinkunn bankans. Það var stór áfangi þegar Moody's veitti Íslandsbanka lánshæfismatseinkunnina A3 með stöðugum horfum. Einkunnin ber sterki eiginfjárstöðu Íslandsbanka og góðri og stöðugri arðsemi gott vitni.

Á árinu 2023 nam hagnaður Íslandsbanka samtals 24,6 milljörðum króna og arðsemi bankans var 11,3%, sem er umfram markmið bankans. Frá fyrra ári jukust tekjur bankans um rúm 12%. Kostnaðarhlutfall fyrir árið í heild var 41,6%, en eitt af fjárhagslegum markmiðum bankans er að hlutfallið sé lægra en 45%. Á árinu hægðist á útlánavexti frá fyrra ári, en vöxtur nam 3% á ársgrundvelli. Hátt vaxtastig hefur klárlega áhrif þar. Innlán til viðskiptavina jukust um 60,8 milljarða króna eða um 7,7%.

Lausafjárstaða bankans er sterk og vel umfram kröfur eftirlitsaðila. Eiginfjárhltföll eru jafnframt há og töluvert umfram lágmarkskröfur eftirlitsaðila og það er áframhaldandi verk stjórndenda að besta samsetningu efnahags bankans.

Áskoranir í íslensku samfélagi voru miklar í lok árs 2023 þegar jarðhræringar við Grindavík gerðu vart við sig. Mikill samhugur hefur verið hjá þjóðinni allri með Grindvíkingum, sem hafa þurft að búa við mikla óvissu um heimili sín og samfélag. Íslandsbanki hefur lagt sig fram við að styðja við bakið á viðskiptavinum sínum á svæðinu, meðal annars með frystingu lána og niðurfellingu vaxta og verðbóta. Bankinn mun áfram fylgjast vel með stöðu mála og vera í virku samtali við viðskiptavinina sína.

Þakkir til starfsfólks og viðskiptavina

Ég þakka starfsfólki bankans fyrir afar góð störf og fagmennsku í þeim verkefnum sem mættu okkur á árinu 2023. Það veitti mér mikinn innblástur að sjá samtakamáttinn meðal starfsfólks þegar það sneri bökum saman um mitt sumar, staðráðið í að endurbyggja traust hjá almenningi og viðskiptavinum.

Þegar upp er staðið getum við verið stolt af árangri bankans á árinu. Starfsfólk Íslandsbanka leggur sig fram um að veita viðskiptavinum bankans afburða þjónustu og hafa að leiðarljósi gildi Íslandsbanka um eldmóð, samvinnu og fagmennsku.

Við í Íslandsbanka þökkum viðskiptavinum okkar kærlega fyrir viðskiptin á árinu og hlökkum til áframhaldandi góðs samstarfs. Bankinn leggur metnað sinn í að standa með viðskiptavinum sínum þegar erfiðleikar herja á og við fundum svo sannarlega fyrir því á árinu að það gildir í báðar áttir og kunnum við viðskiptavinum okkar miklar þakkar fyrir þann stuðning.

Það eru spennandi tímar framundan í íslensku efnahagslífi. Bankinn stendur styrkum fótum, er með skýra stefnu og er tilbúinn sem fyrr til að vera hreyfiafl til góðra verka í íslensku samfélagi.



Petta er Íslandsbanki





Petta er Íslandsbanki

Saman erum við hreyfiafl til góðra verka



Samvinna



Fagmennska



Eldmóður



Bankinn



725

heildarfjöldi
stöðugilda í
lok árs

12

útibú



ergo



Skráður á aðalmarkað
Nasdaq Iceland frá júní 2021



Lánshæfi og staðfestingar

S&P Global
Ratings

BBB/A-2

Jákvæðar horfur

Moody's

A3

Stöðugar horfur



JAFNLAUNAVOTTUN



**Sköpum virði til framtíðar
með framúrskarandi þjónustu**



Lykiltölur 2023

Arðsemi (ROE) **11,3%**

Kostnaðarhlutfall **41,6%**

Eiginfjárhlutfall þáttar 1 **21,4%**

Eiginfjárhlutfall **25,3%**

Lausafjórþekjuhlutfall **195%**

Samtæða, allir gjaldmiðlar

Fjármögnunarhlutfall **124%**


Samtæða, allir gjaldmiðlar

Vogunarhlutfall **13,4%**

Heildareignir **1.583 ma. kr.**



NPS þróun Íslandsbanka



Sjálfbærni



Bankinn hefur **uppfært**
sjálfbæran fjármálaramma
sinn



93% af útlánaáættu¹ bankans
hefur verið metin út frá **UFS**
áhættupáttum



77% birgja hafa undirritað
uppfærðar **siðareglur birgja**



Stafrænir áfangar



Ný **stafræn bílálánavegferð**
bætir upplifun notanda í
ferlinu



Beta útgáfa af **spjall-**
menninu Fróða getur nú
talað við viðskiptavini



Nýjar **viðbótaröryggiskröfur**
hafa verið kynntar í appi og
netbanka sem **svör við aukinni**
svikahættu

¹Einstaklingar og smærri fyrirtæki eru utan mengis.


Eftir storminn lifir aldan

Íslandsbanki leggur ríka áherslu á að skapa uppbyggilegt og heilbrigt starfsumhverfi þar sem eldmóður, fagmennska og samvinna eru höfð að leiðarljósi. Mannauðurinn er stærsta auðlind bankans og því er lögð mikil áhersla á að efla starfsfólk til vaxtar og þróunar og mikið lagt í að stuðla að heilsu þess og velliðan.

Besti vinnustaðurinn til að vaxa og þróast

Íslandsbanki kappkostar að bjóða upp á framúrskarandi vinnuumhverfi sem gerir fólki kleift að vaxa og þróast í starfi. Bankinn sækist eftir metnaðarfullu fólki með fjölbreyttan bakgrunn og lögð er áhersla á að hafa hæft, áhugasamt, ánægt og vel þjálfað starfsfólk sem sýnir frumkvæði og veitir fyrirmyndarþjónustu.

Til að uppfylla þessa sýn leggjum við áherslu á faglegt ráðningar- og móttökuferli, öfluga leiðtoga, heilsu- og velliðan, skýra möguleika til starfsþróunar, öflugt fræðslustarf og nútímalegt vinnuumhverfi þar sem ríkir sálfræðilegt öryggi. Það leiðir til helgunar starfsfólks.



“ Áskoranir og tækifæri

Við höfum fengið að kynnast mörgum nýjum áskorunum undanfarin ár, hvort sem það er heimsfaraldur, verðbólga, hátt vaxtastig eða krefjandi aðstæður á mörkuðum um allan heim. Þetta ár var engin undantekning í þeim efnum.

Við gengum auk þess í gegnum ýmsar breytingar og fengum á árinu sterkan mótvind í fangið. Við kvöddum reynda leiðtoga og buðum nýja velkomna. Við fórum í gegnum sjálfskoðun, bættum innri ferla og regluverk, uppfærðum áhættumat

og styrktum okkur á fjölmörgum öðrum sviðum. Við náðum líka frábærum árangri á mörgum vígstöðvum. Liðsheild, starfsánægja og helgun starfsfólks hefur haldist há í gengum mótbrynng og erum við stolt af því.

Við misstum ekki móðinn og minntum okkur á að í áskorunum felast tækifæri, staðráðin í því að gera Íslandsbanka að enn eftirsóknarverðari vinnustað. Saman lítum við því björtum augum á komandi misseri, sterkari en áður og full af eldmóði.



Hafsteinn Bragason
Mannauðsstjóri

Vöxtur og fræðsla

Mikið er lagt upp úr starfsþróun og eru fjölbreytt tækifæri í boði fyrir starfsfólk til að vaxa og þróast í starfi. Starfsþróun getur verið af ýmsum toga og er það á ábyrgð hvers og eins að finna það sem hentar. Starfsfólk getur meðal annars sótt fræðslu og þjálfun, kynnt sér starfsemi annarra deilda, sóst eftir aukinni ábyrgð eða tekið að sér ný verkefni. Jafnframt stendur því til boða markþjálfun og starfsþróun með lærimeistara með það að markmiði að gera næstu skref í starfsferlinum markvissari og mögulega opna nýjar dyr að tækifærum í framtíðinni.

Íslandsbanki heldur jafnframt úti öflugum og faglegum fræðslustarfi og standa starfsfólk margvísleg námskeið og fræðsluerindi til boða. Þarfragreining er unnin í samvinnu við starfsfólk og stjórnendur. Framboð námskeiða er gott og fjölbreytt og er starfsfólk hvatt til þess að afla sér nýrrar þekkingar og færni svo hámarka megi árangur og velliðan í starfi.

Árangursdrifin menning og endurgjöf

Árangursdrifin menning skiptir sköpum við að skapa samkeppnisforskot og í öllum verkefnum viljum við hámarka nýtingu þeirra úrræða sem standa til boða. Þau tæki og töl eða aðferðir sem við notum skipta ekki öllu máli. Aðalatriðið er að stjórnendur og starfsfólk setji skýr markmið og hafi sömu væntingar til árangurs og skilning á starfinu, verkefnum og ábyrgð. Með þessum sameiginlega skilningi er auðvelt fyrir stjórnendur að veita tíða og markvissa endurgjöf sem styður starfsfólk, hvetur það til árangurs og auðveldar öllum að blómstra í starfi. Þannig geta stjórnendur rutt úr vegi hindrunum, svo starfsfólk geti varið tíma í það sem það gerir best á hverjum degi; að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu.

Framsækið og metnaðarfullt vinnuumhverfi

Vinnuumhverfi Íslandsbanka er nútímalegt, sveigjanlegt og framsækið. Vinnuaðstaðan er fjölbreytt og starfsfólki standa ólíkar starfsstöðvar til boða, sniðnar að mismunandi verkefnum

og þörfum hverju sinni. Starfsfólk hefur til dæmis aðgang að opnu rými, næðisrými, fjölbreyttum fundarherbergjum, samvinnuaðstöðu, sköpunarrýmum og leikrýmum. Auk þess er starfsfólki frjálst að vinna í fjarvinnu, þar sem því er við komið. Fjarvinna er valkvæð og starfsfólk sem kys að vinna í fjarvinnu gerir það í samráði við stjórnanda sinn og út frá skipulagi sem hentar hverju sinni. Markmið Íslandsbanka er að bjóða bestu úrræði, stuðning og aðstöðu fyrir starfsfólk sitt og ýta þannig undir sköpunarkraft, sveigjanleika og samvinnu.

Íslandsbanki leggur áfram ríka áherslu á mannréttindi, jafnrétti og fjölbreytileika, öflugt félagsstarf, uppbyggileg samskipti, heilsu og velliðan, og stuðning við umhverfisvænan ferðamáta starfsfólks. Þannig sköpum við umhverfi sem gerir starfsfólki kleift að ná árangri í starfi sínu.

Liðsheild og velliðan

Við leggjum okkur fram um að skapa umhverfi sem styður við heilsu, ánægju og velliðan starfsfólks, jafnt í vinnu sem og í einkalífi. Mikil áhersla er lögð á góð og uppbyggileg samskipti, liðsheild og heilbrigða vinnustaðarmenningu þar sem ríkir traust og virðing. Við viljum að starfsfólk geti tjáð hug sinn, sett fram nýjar hugmyndir, spurt spurninga og gert mistök. Það eykur líkurnar á að starfsfólk upplifi sálfræðilegt öryggi, traust og velliðan í starfi.

Starfsfólk er hvatt til þess að stuðla að eigin velliðan og hefur bankinn tryggt aðgengi að úrræðum og þjónustu svo starfsfólk geti bætt heilsu sína og líðan. Má sem dæmi nefna læknisþjónustu, heilsufarsmælingu, inflúenssprautu, nudd á vinnutíma, líkamsræktarstyrk, samgöngustyrk, hollan mat og ýmsa heilsueflandi fræðslu. Auk þess stendur öllu starfsfólki til boða sálfræðiþjónusta, en bankinn endurnýjaði á árinu samstarfssamning sinn við Auðnast, sem býður heildstæða þjónustu á sviði heilsu og vinnuverndar.

Góð líðan starfsfólks, jákvæð samskipti og gagnkvæm virðing og traust ýta undir góða liðsheild. Starfsfólk bankans vinnur saman sem ein heild og styður vel hvert við annað. Bankinn leggur metnað í að ná árangri og fagnar þegar vel hefur tekist til. Hjá bankanum ríkir öflugt félagsstarf og starfsmannafélag sem stendur fyrir ýmsum viðburðum. Bankinn styður meðal annars við öflugt hópa- og klubbastarf á vegum starfsfólks þar sem allt starfsfólk gegnir mikilvægu hlutverki við að skapa bestu liðsheildina.



Árið 2023

Smelltu á fréttina fyrir
nánari upplýsingar






Stefna Íslandsbanka



Hreyfiafl til góðra verka

Samkvæmt stefnu Íslandsbanka er tilgangur bankans að vera hreyfiafl til góðra verka og framtíðarsýnin er að skapa virði til framtíðar með því að veita framúrskarandi þjónustu. Settar hafa verið fjórar stefnuáherslur fyrir árin 2023–2025: **þjónusta, gögn, sjálfbærni og starfsfólk**. Yfirskrift tímabilsins er jafnframt **sókn og vöxtur**, sem vísar meðal annars til þess að bankinn sé opinn fyrir ytri vexti.

Frá stofnun bankans hefur Íslandsbanki lagt mikla áherslu á stefnumótun og hefur starfsfólk bankans tekið virkan þátt í mótun stefnunnar, þar sem árlegir stefnufundir hafa leikið lykilhlutverk. Starfsumhverfi banka er að taka miklum breytingum og því er mikilvægt að endurskoða stefnu bankans reglulega til að tryggja samkeppnishæfni hans til framtíðar. Því var þemað á stefnufundi bankans í Fífunni vorið 2023 þar sem ný stefna var kynnt **Horft til framtíðar**.



Stefnuáherslur 2023-2025

Stefnuáherslur bankans snúa að því að skapa virði til framtíðar með framúrskarandi þjónustu. Mikil og góð vinna fór fram á árinu á öllum þessum vígstöðvum, sem gerir bankann betur í stakk búinn til þess að styðja við fjölbreyttar þarfir viðskiptavina.



Þjónusta

Fjármálaþjónusta hefur tekið örum breytingum síðustu ár, en áherslan á persónulega gagnadrifna þjónustu er hjartað í þjónustustefnu bankans. Gott aðgengi að gögnum og tækni er lykillinn að því að geta boðið upp á öruggar og sveigjanlegar fjármálalausnir sem henta hverju og einu. Bankinn leggur áherslu á stöðuga þróun og umbætur á þjónustu ásamt fjármálafræðslu, með það að markmiði að tryggja góða yfirsýn viðskiptavina yfir fjármál sín og fjárhagslega heilsu.



Gögn

Á árinu var áframhaldandi áhersla á frekari framþróun í átt að persónulegri og leiðbeinandi þjónustu sem byggist á gagnagreiningum. Sívaxandi meðvitund um mikilvægi gagnagæða og öryggis endurspeglast í breyttu innra skipulagi varðandi gagnamál, ráðningu gagnagæðastjóra og innleiðingu á gagnagæðaeftirlitsferli. Markvisst er unnið að aukinni sjálfvirkni í markaðsstarfi og sérsniðinni þjónustu og samskiptum við viðskiptavini, og er ávinningur af þeirri vinnu þegar farinn að skila sér í bættri þjónustuupplifun og aukinni sölu.



Sjálfbærni

Íslandsbanki hefur það að markmiði að vera leiðandi á sviði sjálfbærrar þróunar og horfir til UFS-viðmiða við áhættustýringu og metur með virkum hætti sjálfbærnitengd viðskiptatækifæri. Meðal áfanga sem náðust á árinu voru vöxtur í sjálfbærum útlánum, áframhaldandi vinna við UFS-áhættumat á lánasafni og gott samtal við viðskiptavini og birgja. Þá framkvæmdi bankinn í fyrsta sinn einfaldaða útgáfu af tvöfaldri mikilvægisgreiningu, en sú vinna er liður í undirbúningi fyrir innleiðingu aukins regluverks um sjálfbærniupplýsingagjöf sem tekur gildi á árinu 2024.



Starfsfólk

Á árinu var starfsfólk skilgreint sem ein af fjórum stefnuáherslum bankans til næstu þriggja ára, sem endurspeglar að mannauðurinn er stærsta auðlind bankans og forgangsmál er að tryggja umhverfi sem leiðir til helgunar og vellíðunar starfsfólks. Kjarninn í mannauðsstefnu Íslandsbanka er að bankinn sé staður þar sem starfsfólk fær tækifæri til að vaxa og þróast í starfi. Til að uppfylla þessa sýn voru ýmis mannauðsmál í brennidepli, svo sem heilsa, fræðslustarf, jafnrétti og fjölbreytileiki, sem stuðla að því að bjóða upp á nútímalegt vinnuumhverfi þar sem ríkir sálfræðilegt öryggi.

Viðskiptaeyningar

Stafræn gögn og þróun

Sjálfbærni

Mannauður



Sköpum virði til framtíðar með framúrskarandi þjónustu



Einstaklingar

Einstaklingssvið leggur áherslu á stafræna og persónusniðna þjónustu þar sem áhersla er lögð á að mæta þörfum viðskiptavinarins á hverjum tíma.

Einstaklingssvið bankans sinnir þjónustu við einstaklinga sem eru í viðskiptum við bankann í gegnum útibúanet, ráðgjafaver og stafrænar lausnir. Virkir viðskiptavinir bankans eru um 146 þúsund talsins og er Íslandsbanki með hæstu hlutdeild í kreditortum á einstaklingsmarkaði. Flestir viðskiptavinir kjósa að sinna daglegum bankaviðskiptum í gegnum app bankans og eru virkir viðskiptavinir í appi í dag um 114 þúsund talsins og hafa aldrei verið fleiri. Það er markmið Íslandsbanka að vera í fararbroddi þegar kemur að innleiðingu og þróun

lausna fyrir viðskiptavinina sína og heimilaði bankinn á þessu ári til að mynda viðskiptavinum, sem rétt áttu á, að nota vaxtagreiðslupak fyrir óverðtryggt húsnæðislán til að festa vaxtagreiðslur. Sé sá kostur nýttur leggjast umframvextir við höfuðstól viðkomandi lána. Viðskiptavinir bankans eru öðrum fremri þegar kemur að því að tileinka sér nýjar lausnir og er vildarkerfi bankans, Fríða, sem veitir viðskiptavinum almenn og sérsniðin tilboð, orðið eitt stærsta vildarkerfi landsins.

Markaðshlutdeild¹

31%	28%	21%	38%
einstaklingar	innlán	húsnæðislán	kreditkort



89% af lykilvörum seldar í gegnum rafrænar dreifileiðir.



Endurgreiðslur til Fríðunotenda jukust um **55%** og voru um **200 milljónir króna** 2023.



Ávöxtun verðtryggður reikningur var stofnaður árið 2023, nýi reikningurinn er einungis **bundinn í 90 daga** í stað þriggja ára eins og eldri verðtryggðir reikningar.

¹Markaðshlutdeild einstaklinga er fjöldi þeirra sem er með virkt innlán hjá bankanum sem hlutfall af fjölda með lögheimili á Íslandi. Innlán, húsnæðislán og kreditkort byggja á gögnum frá Seðlabanka Íslands.

“ Við erum til staðar fyrir viðskiptavinina okkar

Fjármálaþjónusta fyrir einstaklinga hefur tekið miklum breytingum á síðastliðnum árum. Fjárhagsleg heilsa, fjármálafræðsla og góð yfirsýn viðskiptavina yfir fjármál sín eru grunnur að farsælum vexti.

Stafrænar lausnir og sjálfvirkni hafa leitt til þess að viðskiptavinir eru í auknum mæli farnir að sinna fjármálum sínum á tímum sem eru óbundnir opnunartíma útibúa. Fróði, spjallmennir okkar, er í stöðugri þróun og geta viðskiptavinir okkar meðal annars spurt Fróða um stöðu á reikningum sínum

og fengið upplýsingar um IBAN-númer eigin reikninga. Fróði fékk einnig alþjóðleg verðlaun fyrir að vera það spjallmennir sem flestum líkar við, en að jafnaði eru 85% þeirra ánægð með samskipti við hann.

Stafræn þróun hefur leitt af sér bætta gagnasýn, sem mun styrkja þjónustu bankans gagnvart viðskiptavinum og bæta þjónustuupplifun. Það er markmið bankans að vera hreyfiafl til góðra verka og mikilvægt er að hann sé til staðar fyrir viðskiptavinina á mikilvægum tímamótum í lífi þeirra.

Ólöf Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri
Einstaklinga





Skipulag Einstaklinga

Fjármál, rekstur og efnahagur hefur yfirumsjón með rekstri á einstaklingssviðinu, allt frá áætlanagerð sviðsins til umsjónar með inn- og útlánum. Verðskrá bankans var stýtt og einfölduð á árinu og í gangi er verkefni með sjálfbærni að leiðarljósi til að gera verðskrána gagnsærri og aðgengilegri fyrir viðskiptavinum. Endurfjármögnunarferillinn hefur verið straumlínulagaður til þess að taka við endurfjármögnunarpörf óverðtryggðra húsnæðislána sem báru tímabundið fasta vexti.

Framlínubjónusta býður viðskiptavinum persónulega ráðgjöf í útibúum bankans um allt land og þjónustar viðskiptavinum í síma, svarar erindum sem og netspjalli. Viðskiptavinir geta bókað tíma í ráðgjöf þegar þeim hentar en geta jafnframt nýtt sér stafrænar leiðir til að hefja viðskipti hjá bankanum, fara í gegnum greiðslumat eða óska eftir láni. Spjallmennnið Fróði hefur möguleika á rafrænni auðkenningu þar sem hann getur nú framkvæmt fjárhagslegar færslur.

Útgáfulausnir bjóða upp á fjölbreytt úrval greiðslukorta og skilvirkar greiðslulausnir á borð við Apple Pay og Google Pay. Útgáfulausnir hafa yfirumsjón með ferðatengdum fríðindum og greiðslukortatengdum fríðindum á borð við Fríðu, sem er vildarkerfi bankans og býður upp á tilboð í formi endurgreiðslu. Viðskiptavinir bankans geta sótt þjónustu í gegnum stafrænar dreifileiðir bankans með einföldum hætti.

Þjónustuupplifun og stafræn þróun er eining þar sem áhersla er lögð á þjónustuupplifun viðskiptavina í dreifileiðum bankans með áherslu á persónusniðna þjónustu og frumkvæði. Markmið einingarinnar er að skapa gagnadrifið virði fyrir viðskiptavinum bankans. Einingin ber ábyrgð á þróun nýrra stafræna lausna fyrir viðskiptavinum bankans, leitar tækifæra í nýsköpun og er leiðandi í samstarfi á sviði fjárfæknilausna. Einingin vinnur að þróun dreifileiða og er í samstarfi við Stafræna þróun og gögn um rekstur daglegra innviða, ásamt því að sjá um upplýsingagjöf og ráðgjöf til starfsmanna í tengslum við stafrænar lausnir.



Að hefja viðskipti hefur aldrei verið jafn auðvelt

Stafrænni bankaþjónustu fylgja aukin tækifæri til enn víðtækari þjónustu við viðskiptavinum. Að velja sér bankaþjónustu sem hentar getur reynst snúið en með nýju stafrænu viðmóti sem einna helst líkist góðri netverslun eru allir vegir færir.

Góð þjónusta snýst um að þekkja þarfir viðskiptavina sinna og fræða þá um þá kosti sem henta hverju sinni. Lykillinn að árangri er að vera til staðar fyrir viðskiptavinum á mikilvægum tímamótum. Með þeim hætti stendur Íslandsbanki undir því markmiði sínu að vera hreyfiafl til góðra verka. Að geta með auðveldum hætti hafið greiðslumat og fengið vissu innan nokkurra mínútna um hver

greiðslugeta er getur skipt sköpum við ákvarðanatöku um hvort tilboð skuli gert í húsnæði eða ekki.

Rafræn auðkenning er annað dæmi um auðveldara aðgengi viðskiptavina að þjónustum bankans og er fjöldi reikninga af tegundinni Ávöxtun, sem einungis er hægt að stofna rafrænt, orðinn yfir 20 þúsund talsins og mikill hluti innlánaðs einstaklinga.

Flestir viðskiptavinir, um 88%, kjósa að greiða fyrir vörur og þjónustu með **snertilausum greiðslulausnum** og nýta til þess lausnir sem bankinn hefur kynnt til leiks.



Verum á varðbergi

Aukin netverslun hefur leitt til þess að stafræn svik hafa aukist. Tegundir svika taka sífelldum breytingum og því er mikilvægt að bankinn og aðrir séu á varðbergi.

Íslandsbanki hefur lengi boðið lausnir á borð við að **frysta kort og stilla heimild**, sem aðgengilegar eru viðskiptavinum í stafrænum dreifileiðum bankans. Nýlega voru kynntar breytingar í appi bankans sem stuðla að auknu öryggi. Nú er viðbótar auðkenningar krafist fyrir aðgerðir þar sem nálgast má upplýsingar á borð við kortanúmer og gildistíma.

Öflugt svikavaktarteymi hefur verið sett upp með það að markmiði að grípa möguleg svik ásamt því að leysa úr þeim svikum sem upp koma. **Svikavaktin** vinnur náið með **neyðarþjónustu bankans** og því geta viðskiptavinir treyst á og fengið þjónustu allan sólarhringinn.

Nýlega kynnti bankinn til sögunnar nýja auðkenningarleið sem byggir á **staðfestingu netgreiðslna með rafrænum skilríkjum**. Rafræn skilríki eru auðkenningarleið sem flestir þekkja og ríkir mikil ánægja með þessa breytingu.

Viðskiptabanki

Viðskiptabankinn veitir litlum og meðalstórum fyrirtækjum um land allt alhliða fjármálaþjónustu auk þess sem Ergo, fjármögnunarþjónusta bankans, er hluti af sviðinu.

Viðskiptabankinn þjónar vaxandi hópi lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi. Viðskiptavinir okkar standa undir kraftmikilli verðmætasköpun í öllum atvinnugreinum og eru mikilvægur þáttur í að tryggja efnahagslegan og félagslegan stöðugleika.

Starfsfólk sviðsins er reynslumikið og veitir persónulega þjónustu í nærumhverfi viðskiptavina í gegnum fyrirtækjamiðstöðvar og útibú en auk þess kjósa viðskiptavinir að nýta sér gott aðgengi að bankanum í gegnum stafrænar lausnir.

Mannauður sviðsins samanstendur af starfsfólki með yfirgripsmikla sérþekkingu og áralanga reynslu. Við höfum byggt upp traust viðskiptasambönd við þúsundir íslenskra fyrirtækja og leggjum áherslu á að vera til staðar fyrir viðskiptavinum okkar. Sviðið veitir framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf, bæði persónulega og stafræna, með aukna áherslu á nýtingu gagna. Við sýnum frumkvæði og leggjum okkur fram við að vera hreyfiafl til góðra verka. Við höfum endurtekið mælst með hæstu markaðshlutdeildina meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja og ánægðustu viðskiptavinina meðal samkeppnisaðila í þjónustukönnunum.



Markaðshlutdeild¹

39%

landið allt

43%

höfuðborgarsvæðið

30%

landsbyggðin



Þjónustum **yfir 50% framúrskarandi fyrirtækja.**



Ný útlán voru **122 milljarðar króna á árinu** og vöxtur útlánabókar nam **12%.**



86% af lánasafni Viðskiptabanka hefur verið **UFS áhættumetið.**



Hlutfall **grænna bílalána** hjá Ergo er **44%.**

¹Meðaltal hlutdeildar ársins 2023 í fyrirtækjavagni Gallup.

“ Enn eitt kröftugt ár að baki

Árið 2023 einkenndist af góðum vexti útlána í Viðskiptabankanum, umfram væntingar og í takti við áætlaðan nafnhagvöxt ársins. Aukning nýrra útlána dreifðist vel milli atvinnugreina, útibúa og fyrirtækjamiðstöðva. Ergo átti gríðargott ár, með 21% vöxt í lánabók og ný útlán fóru í fyrsta sinn yfir 50 milljarða króna.

Hátt vaxtastig og þrálát verðbólga einkenndu efnahagsumhverfi fyrirtækja og ef spár um vaxtalækkanir ganga ekki eftir á næstu misserum má gera ráð fyrir að þessi staða reyni á viðnámsþrótt atvinnulífs og heimila. Enn sem komið er sjást þó ekki greinileg merki um neikvæða þróun hjá fyrirtækjum, til að mynda í vanskilavísum.

Kerfismál, þróun dreifileiða og vöruþróun voru sem fyrr fyrirferðarmikil á árinu, ekki síst þróun á nýjum netbanka fyrir fyrirtæki, sem innleiddur verður á árinu. Sem fyrr erum við stolt af mjög sterkri og hæstu markaðshlutdeild á markaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja, þar sem hlutdeild okkar á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki áður mælst hærri. Stærsta verkefni og áskorun Viðskiptabankans til framtíðar er að veita þessum stóra hópi fyrirtækja um allt land áfram framúrskarandi þjónustu bæði í eigin persónu og eftir stafrænum leiðum.

Una Steinsdóttir

Framkvæmdastjóri Viðskiptabanka





Skipulag Viðskiptabanka

Fyrirtækjamiðstöðvar og útibú

Viðskiptabankinn starfrækir fyrirtækja- miðstöðvar og útibú víðs vegar um landið. Fyrirtækjamiðstöðvarnar eru annars vegar staðsettar í höfuðstöðvum bankans í Norðurtorni fyrir höfuðborgarsvæðið og hins vegar í fyrirtækjamiðstöð á Akureyri fyrir Norður- og Austurland. Viðskiptabankinn býður upp á sjálfsafgreiðslulausnir og persónulega ráðgjöf sem skilar sér í betra aðgengi og þjónustu við viðskiptavini. Í útibúi bankans í Norðurtorni veita ráðgjafar almenna þjónustu við fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu auk þess að sinna símsvörun, netspjalli og vefþjónustu fyrir landið í heild. Þar er einnig starfrækt miðlæg stoðeining fyrir Viðskiptabankann í áreiðanleikakönnunum og peningaþvættisvörnum.

Stafrænar lausnir

Viðskiptavinir okkar geta sinnt helstu bankaviðskiptum í gegnum fjölmargar dreifileiðir eins og app, netbanka, netspjall eða vef bankans. Við viljum geta þjónustað viðskiptavini okkar og komið til móts við þarfir þeirra hvar og hvenær sem er.

Ergo

Ergo er hluti af Viðskiptabanka og sérhæfir sig í fjármögnun atvinnutækja fyrir rekstraraðila og fjármögnun bíla og ferðavagna fyrir einstaklinga. Ergo hefur verið leiðandi á fjármögnunarmarkaði í nærri 40 ár og aðgreinir sig á markaði með áherslu á hraða og framúrskarandi þjónustu.

Ergo



Stafræn vegferð fyrirtækja

Gott aðgengi að gögnum og tækni er lykillinn að persónulegri gagnadrifinni þjónustu sem tryggir á sama tíma öryggi og sveigjanleika – sem leiðir til betri þjónustu.

Eitt af stærstu þjónustuverkefnum Viðskiptabanka á undanförunum árum og lykilaðttur í stafrænni þjónustu til viðskiptavina er **þróun nýs netbanka** sem fer í loftið á árinu. Heimsóknunum í Íslandsbanka appið hefur fjölgað um 45% á milli ára, með fjölbreyttari lausnum og möguleikum sem gera viðskiptavinum það kleift að huga betur að fjármálum á ferðinni. Þá hefur einnig verið lögð mikil áhersla á **aukið framboð af sjálfsafgreiðslulausnum** og samstarf bankans við fjártækniyrirtækið Payday hefur auðveldað rekstrarumsýslu fyrir einyrkja og minni fyrirtæki.

Opnar vefþjónustur munu spila stærra hlutverk í nánustu framtíð, og



Sjálfbærnivegferð fyrirtækja

Sjálfbærni er sem fyrr ein af lykil- áherslum bankans og Viðskiptabankinn er þar í leiðandi hlutverki, en lítil og meðalstór fyrirtæki leika lykilhlutverk í nýsköpun og framþróun almennt í íslensku efnahagslífi.

Við höfum átt fjölmörg samtöl og fræðslufundi með viðskiptavinum okkar um þennan mikilvæga málaflokk og sjáum að sífellt fleiri fyrirtæki leggja aukna áherslu á sjálfbærni til framtíðar.

Hjá Ergo er stöðug aukning í Grænni fjármögnun til einstaklinga, sem hefur vaxið um tæp 40% á árinu. Einnig er sýnandi eftirspurn hjá fyrirtækjum og vega bilaleigur þar þýngst með

Viðskiptabankinn hefur greint mikilvæg tækifæri til vaxtar á þessu sviði. Á þessu ári stóðum við fyrir **fjártækni viðburði** í Grósku í samvinnu við Fjártækniaklasann, sem laðaði að um 150 gesti. Þá tók fulltrúi okkar á fjártækni ráðstefnunni Copenhagen Fintech í Kaupmannahöfn þátt í pallborðsumræðum um framtíð opinna bankaþjónustu.

Fjármögnunarþjónustan Ergo hefur undanfarið ár lagt sérstaka áherslu á **stafræna vegferð og bætta upplifun viðskiptavina**, meðal annars með **rafrænum undirritunum, rafrænum þinglýsingum og bættu umsóknarferli**. Einnig erum við að leggja lokahönd á **sjálfvirkar lánaákvæðanir**, sem munu auðvelda og flýta umsóknarferlum fyrir viðskiptavinum okkar. Áfram stefnir Ergo að því að bæta enn frekar við þessar lausnir ásamt því að auka sjálfvirkni í lánaákvörðunum.

fjárfestingum í **rafknúnum bílum sem styðja við orkuskipti**. Á það enn eftir að aukast samhliða frekari innviða- uppbyggingu í íslensku samfélagi.

Við trúum því að fyrirtæki sem leggja áherslu á sjálfbærni muni skara fram úr og tryggja hagvöxt til framtíðar. Við viljum styðja við viðskiptavini og vera virkir þátttakendur í þessari vegferð. Í árslok 2022 var búið að **UFS-áhættumeta tæp 60% útlána Viðskiptabankans og við lok árs 2023 var hlutfallið komið í 86%**. Undir lok árs var ráðist í endurskoðun á sjálfbærum fjármálaramma Íslandsbanka, en kröfur og viðmið hafa breyst nokkuð frá því bankinn var fyrstur með útgáfu slíkrar fjármálaumgjarðar hér á landi árið 2020.

Fyrirtæki og fjárfestar

Fyrirtæki og fjárfestar eru leiðandi í fjárfestingarbankastarfsemi á Íslandi og leggja áherslu á að veita viðskiptavinum sínum heildstæða fjármála- og fjárfestingarbankaþjónustu. Sviðið þjónustar stærri fyrirtæki, lífeyrissjóði, sveitarfélög, verðbréfasjóði, fagfjárfesta og efnameiri einstaklinga.

Á sviðinu starfa reynslumiklir sérfræðingar með áratuga-reynslu af fjármálastarfsemi, svo sem verðbréfa- og gjaldeyrisviðskiptum, fjárfestingarráðgjöf, fyrirtækjaráðgjöf, lánveitingum og einkabankaþjónustu.

Þarfir viðskiptavinarnir eru í forgrunni og býr starfsfólk sviðsins yfir sérþekkingu á öllum helstu geirum atvinnulífsins. Áhersla er á frumkvæði og heildstæða þjónustu með stuttum boðleiðum og samvinnu þvert á starfseiningar sviðsins til að þekkja og uppfylla sem best þarfir viðskiptavinarnir okkar og vera um leið hreyfiafl til góðra verka.

Innan sviðsins liggur mikil reynsla af flóknum og umfangsmiklum verkefnum og hefur teymið á síðustu árum leitt mörg af stærri umbreytingarverkefnum í íslensku atvinnulífi.

Íslandsbanki hefur mótað sér skýra stefnu varðandi lánveitingar utan Íslands, þar sem einkum er horft til sjávarútvegs í Norður-Atlantshafi.

Markaðshlutdeild¹

30%

300 stærstu fyrirtæki landsins

Leiðandi

í gjaldeyrisviðskiptum



Nýtt fé í stýringu hjá einkabankaþjónustu um **8 milljarðar króna**.



Ný útlán námu **55 milljörðum króna** og til viðbótar voru 50 milljarðar króna af lánum **endurfjármagnaðir**.



25 ára samstarf Íslandsbanka og Vanguard, en Íslandsbanki var fyrsti samstarfsaðili Vanguard utan Bandaríkjanna.

¹Meðaltal hlutdeildar á 4F23 á meðal 300 stærstu fyrirtækja samkvæmt Frjálsri verslun.

“ Góður árangur í krefjandi umhverfi

Fyrirtæki og fjárfestar áttu sitt besta rekstrarár þrátt fyrir mjög krefjandi efnahagsumhverfi. Langvarandi erfiðar aðstæður á verðbréfamörkuðum höfðu neikvæð áhrif á bæði fyrirtækjaráðgjöf og verðbréfamiðlun, en hátt vaxtastig hefur í gegnum tíðina ávallt leitt til minni umsvifa þessara eininga. Útgáfur á markaðsverðbréfum, skuldabréfum og víxlum, gengu þó vel og undir árslok voru merki um jákvæðan viðsnúning á verðbréfamörkuðum.

Krefjandi verðbréfamarkaðir eru alltaf áskorun í Eignastýringu, þar sem miklar sveiflur á markaði geta reynt á áhættuþol fjárfesta. Á árinu var því aukin áhersla á virk samskipti, fræðslu og upplýsingagjöf til viðskiptavina.

Íslandsbanki er leiðandi á markaðnum í gjaldeyrismiðlun og náði enn og aftur góðum árangri þar á árinu. Velta hefur aukist umtalsvert, ekki síst vegna ferðaþjónustunnar, sem er að ná fyrri styrk, og notkun gjaldeyrisvarna hefur aukist.

Útlánastarfsemi á árinu gekk vel en samkeppni frá erlendum fjármálastofnunum hefur þó aukist til muna. Merkjanlega hefur dregið úr eftirspurn stærri fyrirtækja eftir lánum í kjölfar hækkandi vaxtastigs. Megináherslan hefur því verið lögð á að viðhalda viðskiptasamböndum með því að bjóða góða almenna bankaþjónustu. Samstarf við Fyrirtækjalánasjóð á vegum Íslandssjóða var farsælt á árinu, þar sem sameiginlega var unnið að sex verkefnum og sjóðurinn svo gott sem fullfjárfestur.



Kristín Hrönn Guðmundsdóttir
Framkvæmdastjóri Fyrirtækja og fjárfesta



Skipulag FF

Fyrirtæki

Stýra viðskiptasamböndum við stærri fyrirtæki og stofnanir. Einingin er ábyrg fyrir allri þjónustu bankans við þessa viðskiptavini og þjónustar allar greinar íslensks atvinnulífs, með sérþekkingu á sjávarútvegi, mannvirkjum og ferðaþjónustu.

Fyrirtækjaráðgjöf

Aðstoðar fyrirtæki og einstaklinga við kaup og sölu á fyrirtækjum, samruna félaga og aðrar eignarhaldstengdar breytingar. Fyrirtækjaráðgjöf veitir auk þess ráðgjöf í tengslum við skráningar félaga á verðbréfamarkað og hefur umsjón með hlutafjárútboðum, gerð lýsinga og töku verðbréfa til viðskipta í kauphöll.

Miðlun og afleiðuborð

Miðlun samanstendur af bæði hlutabréfa- og skuldabréfamiðlun auk gjaldeyris- og afleiðuviðskipta, svo sem framvirkra samninga með gjaldeyri, vaxtaskiptasamninga og framvirkra samninga á hlutabréfa- og skuldabréfamörkuðum, auk útgáfu skuldabréfa. Miðlun sinnir viðskiptavinum allt frá einstaklingum til stofnanafjárfesta.

Eignastýring

Samanstendur af einkabanka, fagfjárfestum og verðbréfalausnum. Einkabankaþjónusta Íslandsbanka býður upp á eignastýringu og ráðgjöf fyrir efnameiri einstaklinga, fjárfestingarfélög, sjóði og góðgerðarfélög. Fagfjárfestaþjónusta stýrir viðskiptasamböndum við stærri fjárfesta og er ábyrg fyrir eignastýringarþjónustu bankans við þessa viðskiptavini. Verðbréfalausnir veita innviðþjónustu fyrir fjármálagerninga.



Ísfélag

Skráning Ísfélags á aðalmarkað Nasdaq Iceland í desember var stærsta útboð ársins og var Íslandsbanki meðal umsjónar- og söluaðila í ferlinu.

Útboðstímabilinu lauk 1. desember, á stofndegi þessa elsta starfandi hlutafélagi Íslands, en félagið var stofnað árið 1901. Félagið er kærkomin viðbót á aðalmarkaðinn, þar sem **vægi sjávarútvegsfyrirtækja hefur aukist hratt á undanförunum árum.**

Útboðið tókst einkar vel og eftirspurn var góð þrátt fyrir krefjandi markaðsaðstæður framan af ári. Heildarsöluandvirði útboðsins nam tæplega 18 milljörðum króna en alls bárust um 6.500 áskriftir að andvirði 58 milljarða króna.

Ánægjulegt var að sjá **mikla þátttöku almenningssins í útboðinu**, sem áfram horfir til fjárfestinga í skráðum hlutabréfum, enda mikilvægur þáttur í því að viðhalda virkum og eftirsóttum verðbréfamarkaði.



Styrkás

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hefur á árinu verið í ráðgjafahlutverki í verkefnum tengdum Styrkási um uppbyggingu á öflugum félagi sem veitir alhliða þjónustu við íslenskt atvinnulíf.

Íslandsbanki var ráðgjafi Horns IV í **3,5 milljarða króna hlutafjárukningu** Styrkáss og lagði þannig grunn að þeirri vegferð sem fram undan er hjá Styrkási. Markmiðið með hlutafjárukningunni er að yta úr vör framtíðarsýn hluthafa um öfluga samstæðu sem hefur styrk til að þjónusta ólík svið atvinnulífsins við þá innviða- og atvinnuvegafjárfestingu sem framundan er.

Síðar á árinu var svo tilkynnt um að samkomulag hefði náðst um **kaup Styrkáss á Stólpa Gámum** og tengdum félögum. Íslandsbanki er ráðgjafi í kaupunum en gert er ráð fyrir að ljúka viðskiptunum fljótlega á nýju ári.

Stólpi Gámar er leiðandi í gáma- og húseiningalausnum fyrir atvinnulífið og einstaklinga, en með kaupunum er stigið mikilvægt skref í að útvikka þjónustu Styrkáss og byggja upp þriðja kjarnann í rekstri félagsins.

Íslandssjóðir hf.

Íslandssjóðir hf. er elsta eignastýringarfyrirtæki landsins, stofnað árið 1994. Félagið er dótturfélag Íslandsbanka og er stýrt af sjálfstæðri stjórn sem kosin er árlega.

Félagið stýrir 22 sjóðum fyrir almenna fjárfesta, þar á meðal skuldabréfa-, hlutabréfa- og blönduðum sjóðum, ásamt sérhæfðum sjóðum. Íslandssjóðir stýra eignum sem nema 345 milljörðum króna, en um 12.000 sparifjäreigendur og fjárfestar ávaxta eignir sínar í sjóðum félagsins. Íslandssjóðir hafa um árabíl verið leiðandi í rekstri verðbréfasjóða fyrir almenna fjárfesta hér á landi, en markaðshlutdeild

félagsins á því sviði er um 30%. Félagið starfrækir úrval skuldabréfasjóða, hlutabréfasjóða og blandaðra sjóða og hefur auk þess sérhæft sig í fasteignasjóðum og framtakssjóðum. Íslandssjóðir hafa árlega frá árinu 2013 hlotið viðurkenningar sem Framúrskarandi fyrirtæki Creditinfo, Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri og sem fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnháttum.

Markaðshlutdeild¹

~ 30%

á innlendum sjóðamarkaði fyrir almenna fjárfesta



Um **12.000 viðskiptavinir** velja að ávaxta sparifé sitt í sjóðum Íslandssjóða.



Eftir miklar vaxtahækkanir undanfarið eru kjör á skuldabréfamarkaði orðin hagstæð í sögulegu samhengi og **útlit er fyrir góða ávöxtun skuldabréfa** á næstunni.



Lausafjarsafn og **Veltusafn** henta afar vel til að ávaxta lausafé og njóta mikilla vinsælda meðal einstaklinga sem og fyrirtækja. Enginn viðskiptakostnaður er í sjóðunum og eru þeir ávallt lausir til úttektar með eins dags fyrirvara.



Hjá Íslandssjóðum starfa nú **22 sérfræðingar** í eignastýringu og fjárfestingum.

¹Byggt á upplýsingum frá Keldunni og heimasiðum rekstrarfélaganna.

“ Landsins besta úrval sjóða er aðgengilegt í appi og netbanka Íslandsbanka

Íslandssjóðir hafa í um 30 ár boðið íslenskum sparifjäreigendum gott úrval sparnaðarkosta, allt frá skammtímasjóðum fyrir lausafé til hlutabréfasjóða sem henta fyrir sparnað og fjárfestingar til lengri tíma. Hagstæðast er að spara í sjóðum í mánaðarlegri áskrift sem hægt er að stofna til í netbanka Íslandsbanka.

Pungt var yfir íslenskum hlutabréfamarkaði á árinu og settu langt og bratt vaxtahækkunarferli, prálát verðbólga og ýmsir óvissupættir svip sinn á markaðinn. Skuldabréfamarkaður var þungur framan af ári en tók við sér á seinni hluta ársins. Útlit er fyrir að toppnum sé nú náð í vaxtahækkunum og má því telja líklegt að markaðir taki við sér á nýju ári. Á árinu voru þrjú ný

félög skráð á innlendan hlutabréfamarkað, námufyrirtækið Amaroq, fasteignafélagið Kaldalón og sjávarútvegsfyrirtækið Ísfélagið.

Á árinu 2023 stofnuðu Íslandssjóðir sjóðinn IS Haf fjárfestingar slhf. þar sem Útgerðarfélag Reykjavíkur er kjölfestufjárfestir og samstarfsaðili. IS Haf er 10 milljarða króna fagfjárfestisjóður sem fjárfestir í haftengdri starfsemi, allt frá hráefnisöflun og vinnslu til haftengdra tæknilausna, innviða og sjávarfengrar líftækni. Sjóðurinn hefur fjárfest í tveimur haftengdum fyrirtækjum á árinu og frekari fjárfestingarkostir eru í skoðun hjá sjóðnum.



Kjartan Smári Höskuldsson
Framkvæmdastjóri Íslandssjóða

Skipulag Íslandssjóða

Innan Íslandssjóða starfa þrjár viðskipta-einingar, en auk sjóðastýringar og eignastýringar stýrir félagið sérhæfðum sjóðum. Einnig er öflug áhættustýring starfrækt innan félagsins, auk viðskiptaþróunar, rekstrar og lögfræðipjónustu.

Sjóðastýring

Sjóðstjórar Íslandssjóða stýra sjóðum sem fjárfesta í skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum fjármálagerningum. Sjóðir eru hagkvæm og góð leið fyrir sparifjáreigendur sem vilja ávaxta sitt fé í dreifðu safni verðbréfa og draga þannig úr áhættu. Innan Íslandssjóða er einnig starfræktur sérhæfði sjóðurinn Alpha, sem stundar stöðutöku á innlendum hlutabréfamarkaði og er einungis aðgengilegur fagfjárfestum.

Eignastýring

Öflugt eignastýringarteymi Íslandssjóða stýrir eignum fyrir hönd viðskiptavina sem gert hafa eignastýringarsamning við Íslandsbanka, hvort sem um ræðir einstaklinga, opinbera aðila eða fagfjárfesta.

Sérhæfðir sjóðir

Íslandssjóðir hafa frá árinu 2012 byggt upp mikla reynslu á sviði fasteignafjárfestinga og fasteignaðróunar auk framtaksfjárfestinga. Sjö reyndir sérfræðingar stýra sérhæfðum fjárfestingarsjóðum.



Leiðandi í ábyrgum fjárfestingum

Íslandssjóðir hafa fylgt aðferðum ábyrgra fjárfestinga í allri eignastýringu frá árinu 2019 og stofnuðu fyrsta græna skuldabréfasjóð landsins árið 2018.

Íslandssjóðir gefa árlega út sjálfbærni-skýrslu og á árinu 2022 voru í fyrsta skipti gefnar út upplýsingar um fjármagnaðan útblástur í sjóðum Íslandssjóða.

Aðferðafræði frá Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF) er nýtt við útreikninga og hafa útreikningar verið birtir fyrir árin 2020, 2021 og 2022. Íslandssjóðir var fyrst rekstrarfélaga á Íslandi til að reikna út og birta upplýsingar um fjármagnaðan útblástur.

Áhrifaskýrsla

Fjármagnaður útblástur



Sjóðir í appi Íslandsbanka

Íslandsbanki var fyrsti bankinn til að opna fyrir viðskipti með sjóði í appi. Nú fara um helmingur sjóðaviðskipta í gegnum appið en 25% afsláttur er veittur af kostnaði við kaup í sjóðum í appinu.



Reglulegur sparnaður

Mánaðarleg áskrift að sjóðum margborgar sig. Hægt er að stofna reglulegan sparnað í sjóðum í netbanka Íslandsbanka og njóta þannig bestu mögulegu afsláttarkjara sem eru 50% afsláttur af kostnaði við kaup.



Sterkir innviðir sem byggja á fagmennsku



Stafræn þróun og gögn

Stafræn þróun og gögn, nýtt svið sem stofnað var á árinu endurspeglar stefnumótandi áherslu 2023 um að samræma og virkja stafræna getu og gögn. Sviðið sameinar tæknilega sérfræðikunnáttu, vöruþróun og gagnamál, í takt við áherslu bankans um stafræna og gagnadrifna þjónustu við viðskiptavinum.

Gagnadrifið og einstaklingsmiðað þjónustuframboð

Íslandsbanki náði stórum stafrænum áföngum á liðnu ári, með innleiðingu nýrra stafrænna lausna fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki. Vínalega spjallmennið Fróði nýtir gervigreind til að efla þjónustu við viðskiptavinum og auka skilvirkni og hefur fengið framúrskarandi umsagnir frá viðskiptavinum okkar. Fróði er í stöðugri þróun og getur nú veitt viðskiptavinum upplýsingar að fenginni rafrænni auðkenningu viðskiptavina.

Mikil framþróun hefur átt sér stað á sviði lánamála, með stafrænni endurfjármögnun lána, sjálfvirkri lánveitingu og rafrænni lánaákvörðun. Framkvæmd lánsþæfismats bílálana og þinglýsing þeirra eru nú afgreidd með rafrænum hætti, sem er mikil framför á því ferli.

Íslandsbanki hefur lagt áherslu á stafrænar lausnir fyrir fyrirtæki, meðal annars er stafrænn valkostur nú til reiðu við stofnun viðskiptasambands, veitingu yfirdráttarheimildar og

þegar kemur að hlutabréfaviðskiptum. Nýr netbanki er í þróun og mun hann stuðla að nýrri og betri upplifun fyrirtækja og einstaklinga. Utanumhald um kostnað og kvittanir í appinu er ein af þeim nýjungum sem mun einfalda viðskiptavinum okkar lífið.

Á árinu hefur verið lögð áhersla á að styrkja stöðu bankans á sviði gagna, með það að markmiði að vera í fararbroddi þegar kemur að gagnamálum og nýsköpun með gervigreind. Íslandsbanki hleypti af stokkunum nýjum gagnadrifnum söluvettvangi sem nýtir gögn um viðskiptavinum og hegðun þeirra til að bæta þjónustu. Enn meiri áhersla verður lögð á hagnýtingu gagna við töku viðskiptaákvæðana á árinu 2024.

“Gagnadrifin upplifun viðskiptavina

Undanfarið ár hefur áhersla Íslandsbanka á hagnýtingu gagna og greininga farið vaxandi, til að knýja áfram breytingar í takt við nýja þjónustustefnu bankans. Sú stefnuáhersla snýr ekki eingöngu að tækni, heldur einnig að því að breyta gagnamenningu innan bankans í heild, með nýtingu gagna til að taka upplýstar gagnadrifnar ákvarðanir. Vel heppnuð innleiðing á nýju debetkortakerfi er til vitnis um áherslu bankans á framúrskarandi tæknilega þróun – verkefnið var flókið en framkvæmt með lágmarksáhrifum á daglegan rekstur.

Áherslan mun í kjölfarið færast yfir á yfirfærslu kreditkorta í nýtt kerfi á árinu 2024. Íslandsbanki hefur einnig lagt áherslu á að gera fyrirtækjavörur og þjónustu stafrænar, meðal annars með því að einfalda fyrirtækjum að hefja vegferð sína með okkur hraðar og greiðar en áður. Markmið Íslandsbanka er að kanna þau tækifæri sem felast í nýjustu tækni og vera í fararbroddi á því sviði meðal banka. Meðal þess sem bankinn leggur áherslu á er varfærin könnun á möguleikum gervigreindar á sviði þjónustu við viðskiptavinum.

Riaan Dreyer
Framkvæmdastjóri
Stafrænnar þróunar
og gagna



Öryggi og stöðugleiki

Þar sem Íslandsbanki hefur undanfarin ár unnið hörðum höndum að því að uppfæra grunnkerfi bankans getur bankinn nú einbeitt sé að því að byggja upp öruggt umhverfi sem stendur af sér þá sífellt vaxandi ógn sem stafar af netárásum.

Íslandsbanki hefur lagt áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir öryggisbrot (e. breaches) og með því að fjárfesta í auknum öryggisvörnum og bæta gæði og sjálfvirkni þróunar og rekstrar. Meðal annars var keyrð fyrsta TIBER (e. Threat Intelligence-Based Ethical Red Teaming) öryggisæfing bankans og unnið að því að undirbúa innleiðingu á nýjum kröfum um rekstraröryggi fyrirtækja á fjármálamarkaði (e. Digital Operational Resilience Act, DORA). Þessi áhersla á öryggisvarnir hefur leitt af sér aukinn rekstrarstöðugleika og hafa engin staðfest innbrot eða gagnalekar vegna ytri árása átt sér stað.

Stafræn stefna

Íslandsbanki hefur sett sér skýra stefnu um að skapa virði til framtíðar fyrir viðskiptavinum og hluthafa. Ný stafræn stefna miðar að því að skapa virði með því að leggja áherslu á 1) **sérnsiðna** 2) **stafræna** og 3) **gagnadrifna** þjónustu til viðskiptavina.

Sköpum virði til framtíðar með einstaklingsmiðuðu, stafrænu og gagnadrifnu þjónustuframboði

 Þjónusta Einstaklingsmiðuð þjónusta sem byggir á möguleikum einstaklings.	  Þjónusta Gögn Stafræn þjónusta í gegnum valda dreifileið.	 Gögn Nýta gagnainnsýn til að þróa viðskiptasambönd.
---	---	---

Uppitími apps og netbanka Íslandsbanka fremst í flokki

> 98%

Apdex einkunn apps Íslandsbanka notkun, hraði og stöðugleiki.

> 99,98%

Uppitími netbanka.

90% lausna í gegnum sjálfvirk útgáfufirli, sem eykur skilvirkni og hraða

= 0 gagnalekar

= 0 staðfest öryggisbrot



Fróði - vinsælasta spjallmennið

- Hleypt af stokkunum **2020**.
- Hlaut viðurkenningu sem „**viðkunnalegasta spjallmennið**“ árið 2023.
- Veitir þjónustu **með og án auðkenningar**.
- Raddvirkni og **skapandi gervigreind** næstu skref þróunar.

> 85%

Hlutfall ánægðra viðskiptavina Fróða.

> 51%


Hlutfall fyrirspurna sem Fróði svarar í heild sinni.

> 1.575

Fyrirspurnir á árinu 2023 sem Fróði vissi svarið við.

> 96%

Spurningum svarað, að hluta eða að fullu.



Stafrænir sigrar 2023

- Nýtt svið, **Stafræn þróun og gögn** og markviss fjárfesting í gagnadrifinni vöruþróun.
- Gagnadrifin sölu- og þjónustuvegferð og greining á hegðun viðskiptavina í dreifileiðum.
- Nýtt debetkortakerfi fór í loftið.
- Reglulegur sparnaður í appi Íslandsbanka.
- Sjálfvirkni í lánveitingum og lánaákvörðunum.
- Mat á lánshæfi vegna bílalána og þinglýsing þeirra stafræn.
- Fyrirtæki geta nú átt hlutabréfaviðskipti í appi.
- Fyrsta útgáfa af endurbættum netbanka.
- Fróði 2.0 og nýsköpun á sviði máltækni (NLP).
- Utanumhald með kostnaði og kvittunum í appi.
- Stafræn endurfjármögnun húsnæðislána.
- Stafrænt upphaf viðskiptasambands við fyrirtæki.
- Nýtt innheimtu- og félagaþjónustukerfi.
- Nýtt aðgangsstjórnunarkerfi.

99%

af húsnæðislána-
umsóknum stafrænar.

80%

af breytingum á
kreditkortahæðum
framkvæmdar í appi.

51%

af samtölum í ráðgjafaveri
við spjallmenni.

50%

af hlutabréfaviðskiptum
einstaklinga fer fram
í appi.

82%

af einstaklingum eru
virkir í stafrænum
leiðum.



Áhættustýring

Varfærið mat á áhættu og skynsamleg verðlagning hennar eru lykilþættir í rekstri Íslandsbanka. Skilvirk umgjörð áhættustýringar og innra eftirlits leggur grunn að áhættu- og eiginfjárstýringu bankans. Umgjörðin er skipulögð í þremur varnarlínum, með það að markmiði að ákvarðanir um áhættutöku séu vel ígrundaðar og að áhættuvitund í bankanum sé sterk.

Meðal starfsfólks Íslandsbanka ríkir sterk áhættuvitund þar sem áherslan er á gagnsæi, opin samskipti, skýra ábyrgð, viðbrögð og virðingu fyrir áhættu. Allar viðskiptaákvarðanir og áhætta sem af þeim leiðir eru í höndum viðskiptaæininga og lúta vel skilgreindu rýni- og eftirlitsferli. Umboð til ákvarðana fer eftir umfangi og flækjustigi undirliggjandi áhættu.

Fjármögnun bankans er fjölbreytt og styrk umgjörð eiginfjárstýringar byggir á staðalaðferð evrópskra eiginfjárreglna. Í árslok var eiginfjárlutfall bankans 25,3%, sem er 5,0% yfir kröfu eftirlitsaðila þegar sveiflujöfnunaraukinn hækkar í mars

2024. Markmið Íslandsbanka er að viðhalda stjórnendaauka sem er 1,0–3,0 prósentustigum yfir ytri kröfum til að mæta væntum og óvæntum sveiflum í áhættugrunni og afkomu.

Bankinn er því vel í stakk búinn að mæta áframhaldandi efnahagslegri óvissu sem stafað gæti af innri sem ytri þáttum og hefur fjárhagslegan styrk til að veita heimilum og fyrirtækjum þá þjónustu sem þau þarfnast til að lágmarka neikvæð áhrif verðbólgu og hærri stýrivaxta.

+ Fjallað er ítarlega um alla helstu áhættuþætti í sérstakri áhættuskýrslu sem kemur út á ensku (e. Pillar 3 Report)

- ✓ Áhættustýring og innra eftirlit
- ✓ Eiginfjárstýring
- ✓ Útlánaáhætta
- ✓ Markaðsáhætta
- ✓ Lausafjárahætta
- ✓ Rekstraráhætta
- ✓ Hlítingaráhætta
- ✓ Sjálfbærniáhætta

“ Síbreytilegt umhverfi kallar á skilvirka og öfluga áhættustýringu

Þrátt fyrir að bankar séu að ýmsu leyti íhaldssamir er starfs-umhverfi þeirra sífellt að breytast. Nýir áhættuþættir koma reglulega fram á sjónarsviðið og geta þeir haft veruleg áhrif á áhættusnið banka. Má þar nefna tækninýjungar, félagslega og pólitíska undiröldu, umhverfisáhrif, netógnir og jarðhræringar. Þessar áhættur geta haft veruleg áhrif, bæði á rekstrarafkomu og orðspor. Þess vegna þarf að sýna stöðuga árvekni og áhættustýring að vera sveigjanleg og skilvirk til að geta borið kennsl á og metið nýja áhættuþætti.

Árið 2023 var krefjandi að mörgu leyti vegna innri og ytri atburða. Bankinn hefur haft góðar gætur á útlánaáhættu vegna hárrar verðbólgu og vaxtabreytinga, en þrátt fyrir allt eru vanskil enn með minnsta móti. Ófjárhagslegir áhættuþættir hafa einnig fengið mikla athygli og hefur eftirliti með hlítingaráhættu verið gert enn hærra undir höfði en áður var, meðal annars með breytingum á innra skipulagi. Áhættustýring Íslandsbanka er vel í stakk búin að mæta breyttum kröfum og hafa eftirlit með og stýra bæði nýjum og hefðbundnum áhættuþáttum.

Guðmundur Kristinn Birgisson
Framkvæmdastjóri
Áhættustýringar





Áhættusnið

Útlánaáhætta er ríkjandi áhættupáttur í starfsemi Íslandsbanka enda nemur hún um 90% af áhættugrunni bankans. Útlánaáhætta er áhættan sem stafar af því að viðskiptavinir standi mögulega ekki við sinn hluta af samningi, svo sem að endurgreiða ekki lán á réttum tíma. Markmið stýringar útlánaáhættu er að ná viðunandi jafnvægi á milli áhættu og tekna og að lágmarka neikvæð áhrif á heildarafkomu bankans. Stefna bankans varðandi útlánaáhættu er varfærin sem hefur skilað sér í vel dreifðu og vel tryggðu lánasafni. Innan bankans hefur til langs tíma ríkt varkárni í áhættutöku. Nú er unnið að því að auka vægi stafrænna lausna í vörum og þjónustu bankans og þar með að lánaákvæðanir verði í auknum mæli gagnadrifnar, sem mun leiða til enn betri áhættustýringar.

Áhættuskýrsla Íslandsbanka veitir ítarlegar upplýsingar um áhættustýringu og áhættusnið bankans og hvernig það tengist mati á eiginfjá- og lausafjárþörf.

Áhættuskýrsla

Sjálfbærniáhætta

Sjálfbærniáhætta stafar af hættunni á að verða fyrir neikvæðum ytri áhrifum umhverfispáttá, félagslegra páttá eða stjórnarháttá (UFS-þættir). Til þeirra páttá teljast til dæmis loftslagsbreytingar, líffræðilegur fjölbreytileiki, spilling, mannréttindi, aðstæður á vinnumarkaði, persónuvernd og viðskiptasiðferði.

Mikil þróun hefur átt sér stað er varðar sjálfbærniáhættu og búið er að setja auknar kröfur á fjármálafyrirtæki er varðar opinbera upplýsingagjöf um sjálfbærniáhættu. Í viðbótarupplýsingum við áhættuskýrslu Íslandsbanka eru nú ný sniðmát sem byggja á ytri kröfum fyrir upplýsingar um sjálfbærniáhættu.

Í samræmi við ytri kröfur eru með áhættuskýrslunni birtar upplýsingar í stöðluðum töflum og sniðmátum, nefndar **viðbótarupplýsingar samkvæmt 3. stoð**, en þær fylgja með sem Excel-skrá á ytri vef bankans.

Viðbótarupplýsingar samkvæmt 3. stoð



Varnarlínurnar þrjár

Fyrsta varnarlína er eigandi allrar áhættu og þar liggur ábyrgð á daglegri stýringu áhættu.

Önnur varnarlína ber ábyrgð á að viðhalda skilvirkri innri umgjörð til að stuðla að fullnægjandi eftirliti með áhættu, varfærum viðskiptaháttum, áreiðanlegri upplýsingagjöf, ásamt því að tryggja hlítu við lög, reglugerðir og kröfur eftirlitsaðila sem og við innri stefnur og verklagsreglur.

Þriðja varnarlína veitir óháða staðfestingu þess að eftirlitsumgjörð í fyrstu og annarri varnarlínu sé skilvirk og viðeigandi.

Regluvarsla

Íslandsbanki leggur ríka áherslu á þá skyldu sína að starfa í samræmi við kröfur laga og reglna auk væntinga eftirlitsaðila, sem og hlutverk sitt þegar kemur að baráttu samfélagsins gegn fjármunabrotum, enda gegnir hvort tveggja mikilvægu hlutverki í að stuðla að heilbrigðum og eðlilegum íslenskum fjármálamarkaði.

Regluvarsla hefur eftirlit með hlítarháttum bankans og sinnir því verkefni á margvíslegan hátt, til að mynda með greiningu, ráðgjöf, þar með talið fræðslu, úttektum og skýrslugjöf. Allt miðar það að því að vinna að góðum viðskiptaháttum, koma í veg fyrir markaðsmisnotkun, innherjavíðskipti og háttsemisbrot auk þess að vinna gegn fjármunabrotum og brotum gegn persónuvernd. Regluvarsla er sjálfstæð eftirlitseining innan Íslandsbanka á annarri varnarlinu er heyrir beint undir bankastjóra.

Á árinu áttu sér stað umtalsverðar breytingar á starfsemi Regluvörslu, þar sem sviðið var styrkt og útvíkkað til muna samhliða því að stöðu regluvarðar var breytt í stöðu framkvæmdastjóra og ráðinn var nýr yfirmaður sviðsins. Með þessu sýnir bankinn í verki mikilvægi sviðsins og verkefnanna sem það sinnir. Regluverk fjármálamarkaðar og kröfur til eftirlits með hlítinu hafa aukist til muna undanfarin ár, áherslur hafa breyst og kröfurnar eru allt í senn

viðtækari, flóknari og strangari. Samhliða hafa valdheimildir eftirlitstofnana aukist og samfélagið í heild gerir almennt meiri kröfur til fjármálastofnana.

Framkvæmdastjóri Regluvörslu er ráðinn af bankastjóra og staðfestir stjórn bankans ráðningu hans. Hann á sæti í framkvæmdastjórn og áhættustefnunefnd og er til ráðgjafar í mörgum öðrum nefndum bankans. Hann er regluvörður bankans í skilningi laga um aðgerðir gegn markaðssvikum og ábyrgðamaður aðgerða bankans gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá situr persónuverndarfulltrúi innan regluvörslu bankans.

Leiðarljósið í störfum Regluvörslu er að þeim sé sinnt af sjálfstæði, óhæði, fagmennsku og trúverðugleika.

“ Langhlaup ekki sprettur

Það gengur vel að innleiða þær breytingar sem lagt var upp með til að efla Regluvörslu bankans eftir annasamt ár. Ljóst er að árið var mjög krefjandi en það er mikill hugur í fólki að vanda vel til verka.


Mikilvægu úrbótaverkefni er nú lokið og innviðir bankans og áhættumening hafa verið styrkt til framtíðar. Því má þó ekki gleyma að vegferðin sem við erum á er til lengri tíma og við, líkt og aðrir aðilar á fjármálamarkaði, þurfum alltaf að vera að huga að og vera reiðubúin að feta nýjar brautir.

Regluverk breytist og innviðir bankans aðlagast nýjum og breyttum kröfum, allt frá sjálfbærum fjármálum, til aukinna krafna til öryggis nets- og upplýsingakerfa, til mögulegrar nýrrar heildarlöggjafar á sviði aðgerða gegn peningabætti og allt þar á milli.

Starfsfólk Regluvörslu er tilbúið í næsta kafla í starfsemi bankans og hlakkar til að takast á við þær áskoranir sem bankinn mun standa frammi fyrir í framtíðarverkefnum. Í því skiptir miklu að viðhalda og auka við reynslu, færni og sérþekkingu sviðsins.

Barbara Inga Albertsdóttir
Framkvæmdastjóri
Regluvörslu





Samkomulag við Seðlabanka Íslands

Í júní 2023 gerði bankinn samkomulag við Seðlabanka Íslands um að ljúka máli með sátt vegna brota bankans við sölumeðferð 22,5% eignarhlutar ríkisins í bankanum sem fram fór 22. mars 2022. Bankinn greiddi 1.160 milljónir króna til ríkissjóðs og skuldbatt sig til að grípa til tiltekinna úrbóta sem var ófrávíkjanlegur hluti samkomulagsins. Úrbótakröfurnar snéru að ráðstöfunum vegna hugsanlegra hagsmunaárekstra og áhættumati verkefna, skráningu og varðveislu á símtalsupptökum og öðrum rafrænum samskiptum sem og flokkun og upplýsingargjöf til viðskiptavina. Þá var víkið að heilbrigðum viðskiptaháttum og stjórnarháttum. Bankinn réð Oliver Wyman til ráðgjafar í þessu verkefni.

Miðpunktur úrbótavinnunnar var að styrkja áhættumenningu bankans, þar sem horft var til þess að yfirstjórn sem og aðrir stjórnendur bankans settu tóninn í allri vinnu, fræðslu og innleiðingu úrbóta, þar sem áhersla var

lögð á ábyrgð okkar allra í starfi bankans. Stjórnarhættir voru styrktir í samræmi við það, meðal annars með endurskipulagningu á ófjárhagslegri áhættu og hlutverki rekstrar- og öryggisnefndar. Þá var hlutverk Regluvörslu útvíkað og yfirmaður sviðsins situr nú í framkvæmdastjórn bankans.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur einnig boðað ákvörðun í kjölfar vettvangsathugunar á áhættumiðuðum aðgerðum Íslandsbanka gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Bankinn tekur athugasemdir fjármála- eftirlitsins alvarlega og vinnur hörðum höndum við að bregðast við þeim, þrátt fyrir að bankanum hafi ekki borist formlegar útbótakröfur þess efnis frá fjármálaeftirlitinu.



Samfélagsmein sem kallar á samstarf

Fjármálastofnanir hafa lykilhlutverki að gegna þegar kemur að baráttu samfélagsins gegn peningaþvætti og fjármögnum hryðjuverka.

Íslandsbanki er mjög meðvitaður um áhættuna og eru starfsmenn, þvert á bankann, í stöðugri vinnu við að styrkja varnirnar, fjárfesta í þeim og þjálfra fólkið okkar í að sinna margskonar eftirliti. Hinn almenni viðskiptavinur finnur oft fyrir þessum vörnum og kunna spurningar og kröfur sem gerðar eru til viðskiptavina að koma þeim spáskt fyrir sjónir. Allt miðar þetta þó að þeirri ætlun okkar að berjast gegn því að bankinn verði nýttur til peningaþvættis, samfélaginu til heilla.

Þau sem stunda slíka iðju, að þvætta peninga, leita sífellt nýrra leiða til að koma fjármunum í umferð. Aðferðir þeirra eru því oft háþróaðar og er net margra fjármálastofnana nýtt til að forðast grunsemdir og allt reynt til að komast hjá stýringum og eftirliti okkar.

Íslandsbanki hvetur til enn nánara samstarfs við stjórnvöld og aðrar fjármálastofnanir þar sem áhersla verði lögð á skilvirkara samstarf í málaflokknum. Mikilvægt er að hægt verði að deila upplýsingum milli aðila, til að ná því markmiði að sporna við peningaþvætti. Um samfélagsmein er að ræða og ættum við öll að taka höndum saman til að vinna á móti skipulagðri glæpastarfsemi og stýra frá hættunni á að íslenskar fjármálastofnanir verði nýttar til peningaþvættis.



Áhættuþættir sem Regluvarsla leggur áherslu á

- ☒ **Hlítingaráhætta**
- ☒ **Fjármunabrotaáhætta**
- ☒ **Háttsemisáhætta**
- ☒ **Laga- og reglubreytingaáhætta**
- ☒ **Persónuverndaráhætta**



Sjálfbær Íslandsbanki



Í átt að sjálfbærari framtíð

Íslandsbanki hefur einsett sér að vera hreyfiafl til góðra verka í íslensku atvinnulífi. Íslandsbanki vill vinna með viðskiptavinum sínum og hreyfa þannig við íslensku samfélagi.

Áframhaldandi festa

Áframhaldandi festa við sjálfbærni einkenndi sjálfbærni-vegferð Íslandsbanka á árinu. UFS-áhættumat bankans var uppfært og mikill fjöldi viðskipta- og lánastjóra flutti erindi fyrir sjálfbærniefnd með uppfærðum UFS-mötum. Sjálfbærnistefna bankans var uppfærð með tilliti til nýrra vendinga í sjálfbærnumhverfinu. Margir fundir voru haldnir með viðskiptavinum til að ræða sjálfbærni og kolefnishlutleysi. Einn stærsti sjálfbærniáfangi ársins var uppfærsla á sjálfbærum fjármögnunarramma bankans, sem var uppfærður með hliðsjón af nýrri reglugerð, reynslu sem fékkst frá fyrri útgáfu og núverandi bestu starfsháttum. Starfsfólk úr ýmsum deildum bankans kom að verkefninu, viðskiptabanki, stefnumótun og sjálfbærni, áhættustýring, fyrirtæki og fjárfestar, einstaklingssvið og fjárfesting bankans.

Þróun í sjálfbærniheiminum

Á árinu tóku gildi tvær nýjar reglugerðir á Íslandi: flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar og upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu. Þá er líklegt að á árinu 2024 taki gildi löggjöf um ófjárhagslega upplýsingagjöf, töluvert ítarlegri en áður. Þessar breytingar á löggjöf miða að því að auka gagnsæi í upplýsingagjöf og koma í veg fyrir grænþvott. Mörg stór fyrirtæki eru að feta sig áfram í þessu nýja landslagi og er Íslandsbanki þar á meðal, en bankinn bindur vonir við að með breyttri löggjöf aukist aðgengi að gögnum og áreiðanleika þeirra. Þá hefur bankinn gert grunn að tvöfaldri mikilvægisgreiningu, sem er fyrsta skref í komandi löggjöf um ófjárhagslega upplýsingagjöf, til þess að undirbúa innleiðingu.

Niðurstaða grunngreiningarinnar hefur verið notuð til þess að setja upp sjálfbærnikafla þessarar skýrslu ásamt leiðbeiningum frá Nasdaq um umhverfispætti, félagsþætti og stjórnarhætti (UFS-þætti), viðeigandi mælikvarða GRI, viðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (e. UN Principles for Responsible Banking) og tengsl við heimsmarkmið SP. Er það vegna þess að enn vantar upplýsingar um þá mælikvarða sem eftir er að birta í ákveðnum flokkum og vill bankinn því halda upplýsingagjöf samanburðarhæfri á milli ára.

Samstarf

Íslandsbanki hefur verið í samstarfi við ýmis innlend og alþjóðleg samtök og er mikilvægt að taka þátt í alþjóðlegum skuldbindingum sem og að styðja við innlendan samstarfsvettvang á sviði sjálfbærni. Íslandsbanki er m.a. aðili að UN Global Compact, PCAF, TCFD, Nordic CEOs, UN Principles for Responsible Investing (Íslandssjóðir), Festu, Iceland SIF, NZBA og UN Principles for Responsible Banking.



Helstu sjálfbærniáfangar á árinu 2023

Almennt gekk vel að innleiða sjálfbærnimarkmið ársins. Náðust mörg sjálfbærnimarkmið sem sett voru fyrir árið en þó ekki öll. Samhent átak þvert á bankann er lykillinn að árangri og var ánægjulegt að finna mikinn eldmóð og áhuga hjá starfsfólki víðs vegar í bankanum.

Hlutfall UFS áhættumetinnar útlánaáhættu hækkaði úr **76%** í lok árs 2022 í **93%** í lok árs 2023.¹

Markmið bankans var að ná 100% en stefnt er að klára síðustu 7% á fyrsta ársfjórðungi 2024.

Hlutfall birgja sem höfðu **formlega vottað að þeir fylgdu siðareglum birgja** hækkaði úr 45% í

77%

Markmið um samdrátt í kolefnisspori af lánasafni til sjávarútvegs var birt en ekki náðist að setja markmið fyrir landbúnað og byggingariðnað.

25

fundir með viðskiptavinum Fyrirtækja og fjárfesta með yfirskriftinni sjálfbærni og kolefnishlutleysi.

Stutt var við

10

frjáls félagasamtök/ menntastofnanir með því að gefa tölvubúnað.

97 milljarðar króna útistandandi af sjálfbærum lánum í lok árs 2023, þar af:

60% græn lán

26% blá lán

14% samfélagsleg lán

Frumkvöðlasjóður Íslandsbanka veitti

50 milljónum króna

í **14 nýsköpunarverkefni** tengd sjálfbærni.

Jafnréttis- og fjölbreytniráð varð að fullu starfhæft og setti fram **aðgerðaráætlun** sem **samþykkt** var af framkvæmdastjórn.

¹Að undanskildum einstaklingum og litlum fyrirtækjum, sem eru utan mengis.

Grunnur að tvöfaldri mikilvægisgreiningu

Sjálfbærni er í stöðugri þróun og í kjölfarið hefur umfang regluverks tengdu sjálfbærni-upplýsingagjöf fyrirtækja aukist mikið. Á síðasta ári tóku gildi reglugerðir um flokkunarkerfi Evrópusambandsins og upplýsingagjöf tengd sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu. Á næsta ári er viðbúið að taki gildi reglugerð um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja og er fyrsta skref innleiðingu reglugerðarinnar að framkvæma tvöfalda mikilvægisgreiningu.

Aðferð við greiningu

Íslandsbanki útbjó á árinu grunn að tvöfaldri mikilvægisgreiningu, til að undirbúa innleiðingu á komandi regluverki en stuðst var við drög að leiðbeiningum um tvöfalda mikilvægisgreiningu. Tvöföld mikilvægisgreining snýst um að meta áhrif bankans og tækifæri sem hann veldur á umhverfi og fólk, sem og fjárhagslega áhættu og tækifæri á starfsemi bankans. Tvöföld mikilvægisgreining snýst annars vegar um að meta jákvæð og neikvæð áhrif bankans á umhverfi og fólk, og hins vegar að meta fjárhagslega áhættu og tækifæri fyrir bankann. Málefni sem þarf að forgangsraða eru tíu talsins og meta þarf jákvæð og neikvæð áhrif sem mögulega hafa nú þegar orðið eða gætu orðið síðar.

Við gerð tvöfaldrar mikilvægisgreiningar er mikilvægt að greina hagaðila. Meðal hagaðila Íslandsbanka eru starfsfólk, viðskiptavinir, birgjar, hluthafar og almenningur. Mikilvægt er að taka inn skoðun hagaðila við greininguna. Send var könnun á það starfsfólk sem er í mestum samskiptum við viðskiptavini og almenning og það beðið um að meta mikilvægi málefna á mismunandi kvörðum út frá samskiptum sínum við hagaðila

og þekkingu á hagaðilum. Til að meta fjárhagslegar áhættur og tækifæri bankans voru sérfræðingar bankans fengnir til að gera meginlegt mat á mikilvægi. Þá var stuðst við Loftslagsvegvisa atvinnulífsins og Aðgerðaáætlunar Íslands í loftslagsmálum við greininguna.

ESRS staðlar tengdum sjálfbærni

- Loftslagsbreytingar
- Mengun
- Vatns- og sjávarauðlindir
- Líffræðilegur fjölbreytileiki og vistkerfi
- Auðlindir og hringrásarhagkerfi
- Mannauður
- Starfsfólk í virðiskeðju
- Samfélag
- Neytendur og viðskiptavinir
- Viðskiptasiðferði





Niðurstaða mikilvægisgreiningar Íslandsbanka

Fjögur málefni standa upp úr eftir grunngreiningu, en þau eru *loftslagsbreytingar*, *mannauður*, *neytendur* og *viðskiptavinir*, og *viðskiptasiðferði*.

Bankanum ber að forgangsraða og birta upplýsingar um loftslagsbreytingar og mannauð. Öllum fyrirtækjum sem falla undir lögin ber að forgangsraða *loftslagsbreytingum* og þau fyrirtæki sem hafa fleira en 250 starfsfólk ber að forgangsraða *mannauði*. Þá komu þau málefni jafnframt fram sem áhrifasvið úr könnun og megindlegu mati. Þessar áherslur eru í takti við áður metin áhrifasvið bankans frá árinu 2019, loftslagsbreytingar og jafnrétti. Að auki benti greiningin til þess að málefni *neytendur* og *viðskiptavinir* og *viðskiptasiðferði* væru einnig mikilvæg fyrir bankann bæði út frá áhættustýringarsjónarmiðum og tækifærum til þess að hafa jákvæð áhrif út fyrir bankann.

Sjálfbærniupplýsingagjöf ársins 2023 tekur mið af þessum niðurstöðum, en á árinu 2024 verður unnin ítarlegri áhrifagreining sem líklegt er að leiði til þess að fleiri málefnum verði forgangsraðað.

! Forgangsmál fyrir Íslandsbanka

Samkvæmt greiningunni og könnun sem lögð var fyrir starfsfólk í framlínu eru eftirfarandi forgangsmál fyrir Íslandsbanka.

Viðskiptasiðferði

Viðskiptasiðferði er viðtækt málefni með marga mikilvæga snertifleti fyrir Íslandsbanka. Bankinn hefur lagt mikla áherslu á **menningu innan bankans** síðastliðið ár og stefnir á enn frekari styrkingu á því sviði. Meðal annarra mikilvægra snertiflata eru **samstarf við birgja, varnir gegn spillingu og mútupægni og pólitísk áhrif** bankans út á við.

Neytendur og viðskiptavinir

Áhrif bankans á neytendur og viðskiptavini eru margvísleg. Með aukinni áherslu á stafræna þróun hefur **þjónusta einfaldast** en hættur í tengslum við upplýsinga- og netöryggi aukist til muna. Þá er verulegt svigrúm til að **gera betur í jafnréttismálum** á Íslandi. Hlutfall kvenna í stjórnun fyrirtækja á Íslandi er 25% og konur eru 21% framkvæmdastjóra, sem er lækkun frá fyrri árum.

Loftslagsbreytingar

Heiminum stafar mest ógn af loftslagsbreytingum og ekkert er mikilvægara en að bregðast við því. Ísland er þar ekki undanskilið og hefur sett sér metnaðarfull markmið til að **ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2040** og að árið 2030 verði búið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40%. Til þess þarf sameiginlegt átak hins opinbera og einkageirans.

Mannauður

Starfsfólk bankans er ein **mikilvægasta auðlind** bankans og er það markmið hans að **ráða, efla og halda í hæft og traust starfsfólk**. Íslandsbanki vill skapa jákvæða vinnustaðarmenningu og leggur mikla áherslu á **fjölbreytileika og viðtæka þátttöku** á meðal starfsfólks.

Vöxtur sjálfbærra útlána umfram væntingar


Sjálfbærar eignir jukust um 24% á árinu 2023 og námu 97,4 milljörðum króna í lok árs 2023; til viðbótar hafa verið samþykkt lánsloforð að fjárhæð 14,6 milljarðar króna sem ekki hafa verið greidd út miðað við áramót. Hlutfall sjálfbærra eigna af fyrirtækjalánasafni er því orðið 14%.

Græn útlán voru 60% sjálfbærra útlána, blá lán tengd sjálfbært vottuðum fiskveiðum 26% og samfélagsleg útlán 14%. Bilafjármögnun til einstaklinga og fyrirtækja sem falla undir rammann jókst um 82% milli ára og lán vegna grænna bygginga um 64%.


Sjálfbærar skuldir Íslandsbanka voru um áramótin 68 milljarðar króna og samanstanda þær af sjálfbærum og grænum skuldabréfum, láni frá Norræna fjárfestingarbankanum og sjálfbærum innlánunum. Þar af voru 46,5 milljarðar króna eldri en 18 mánaða, en sjálfbærri fjármálaramminn tiltekur að sjálfbærri

fjármögnun skuli ráðstafað í sjálfbærar eignir innan þess tímaramma. Sjálfbærar eignir bankans voru því í lok árs 43% hærri en sjálfbærar skuldir bankans sem endurspeglar rými til frekari sjálfbærrar fjármögnunar á komandi misserum.


Sjálfbærar eignir í lok árs ma. kr.



Sjálfbærar eignir í árslok 2023, skipt eftir flokkum í sjálfbærum fjármálaramma¹



Sjálfbærar eignir í árslok 2023, skipt eftir ári sem lánveiting fór fram



¹Önnur græn lán ná til lána sem styðja við vistvænar- og himngráslausnir, líffræðilegan fjölbreytileika auk sjálfbærrar sorphirðu. Önnur samfélagsleg lán ná til lána í tengslum við félagslegt húsnaði og menntun.

Áhrifamælikvarðar 2023

Upplýsingum um áhrifamælikvarðana er safnað frá viðeigandi viðskiptavinum og opinberum gagnaveitum.

Umhverfis áhrifamælikvarðar 2023



68.950 m² af
vistvænum
byggingum.¹



131 GWh
framleidd af
grænni orku.



8.000 tonn
af viðbótar
endurunnum
úrgangi.²



6.101 græn
farartæki.



~4.500 km
lagðir af
ljósleiðara.

Félagslegir áhrifamælikvarðar 2023



212 fyrirtæki
studd með
COVID-19 lánum.



30 lán til
fyrirtækja
með jöfn
kynjahlutföll.




**1 grunnskóla-
bygging** þar sem
náð er til **125
nemenda**.



**171 félagslegar
íbúðaeiningar**
fjármagnaðar.

Forðuð losun gróðurhúsalofttegunda 2023



i Upplýsingar

Fyrir frekari upplýsingar um aðferðafræði má finna í Sjálfbærum fjármálaramma bankans og Áhrifa- og úthlutunarskýrslu síðasta árs.

Sjálfbær fjármálarammi

Áhrifa- og úthlutunarskýrsla 2022

Áhrifamælikvarðar fyrir aðra flokka verða birtir seinna á árinu 2024, gildir það m.a. um sjálfbærar sjávarútvegsvörur.

¹ Mat byggt á hlutfalli fjármögnunar árið 2022 þar sem upplýsingar frá viðeigandi viðskiptavinum voru ekki aðgengilegar þegar þessi skýrsla var skrifuð. Á öðrum ársfjórðungi 2024 verða þessi mót uppfærð með upplýsingum frá 2023 og tilkynnt verður ef upplýsingarnar taka verulegum breytingum.
² Mat byggt á hlutfalli fjármögnunar árið 2022 þar sem upplýsingar frá viðeigandi viðskiptavinum voru ekki aðgengilegar þegar þessi skýrsla var skrifuð. Á öðrum ársfjórðungi 2024 verða þessi mót uppfærð með upplýsingum frá 2023 og tilkynnt verður ef upplýsingarnar taka verulegum breytingum.
³ Ekin vegalengd á ári er fengin frá Samgöngustofu: <<https://island.is/oennur-toelfraedi-samgongustofu>>, þar sem vegalengdir frá 2023 voru ekki aðgengilegar þegar þessi skýrsla var skrifuð eru upplýsingar frá 2022 notaðar. Upplýsingar um forðaða losun byggja á útlástsstuðlum frá framleiðendum bílanna og upplýsingar um meðalútbástur bíls frá mismunandi framleiðsluárum frá Evrópsku Umhverfisstofnuninni: <<https://www.eea.europa.eu/en/analysis/indicators/co2-performance-of-new-passenger>>.

Umhverfismál 2023


Sjálfbærniuppgjör
2023

Stefnur, reglur
og verklag

Áritun endurskoðenda


U1 Losun gróðurhúsalofttegunda

Kolefnisspor af rekstri



U5 Samsetning orku

Hlutfall af heildarorkunotkun (7,1 GWst)



U8 Loftslagseftirlit/stjórn

Hefur stjórn eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? ☒

U9 Loftslagseftirlit/stjórnendur

Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu? ☒

U10 Mildun loftlagsáhættu

Fjárfestingar í mildum loftlagsáhættu var ekki metin á árinu en fólst m.a. í ráðgjöf, aðildargjöldum, innviðum, vörupróun, markaðssetningu, viðburðum og kolefnisjöfnun.

U2 & U4 Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda og orkukræfni




Losunarkræfni starfsmanna **1.841 kgCO₂e/stöðugildi**

Losunarkræfni veltu **22 kgCO₂e/milljón ISK**

Orkukræfni á fermetra **450 kWh/m²**

Orkukræfni á rúmmetra **128 kWh/m³**

U6 Vatnsnotkun



Aðrir mikilvægismælikvarðar út frá atvinnugeira


Eru UFS þættir teknir til greina við útlán og fjárfestingar? ☒
Hlutfall UFS áhættumetinnar útlánaáhættu hefur hækkað úr 76% í lok árs 2022 í 93% í lok árs 2023.

Eru UFS þættir teknir til greina við þróun á nýjum og núverandi vörum? ☒
Horft er til sjálfbærniáhættu í vörupróun.

Býður fyrirtækið starfsmönnum upp á reglulega fræðslu tengda UFS þáttum? ☒

Haldnar voru vinnustofur fyrir mismunandi einingar og opnir fræðslufundir.

U3 Orkunotkun



U7 Umhverfisstarfsemi

Fylgir bankinn formlegri umhverfisstefnu? ☒
Sjá sjálfbærnistefnu bankans, kafla 2 um umhverfismál.

Fylgir bankinn sérstökum úrgangs-, vatns-, og/ eða endurvinnslustefnum? ☒
Með betri vöktun á sorpi frá Norðurturninum er stefnt að því minnka almennt sorp eins og mögulegt er. Þá hefur verið sett markmið um 90% endurvinnsluhlutfall í síðasta lagi árið 2025.

Notar bankinn viðurkennt orkustjórnunarkerfi? ☐
Klappir grænar lausnir og MainManager.

Hefur fyrirtækið mælt kolefnisspor af lána og fjárfestingasafni? ☒
Bankinn hefur birt fyrsta mat á fjármögnuðum útblæstri fyrir árin 2019-2023.

Hefur stjórn fyrirtækisins samþykkt og birt opinberlega markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda? ☒
Bankinn stefnir að því að lækka kolefnisspor tengt rekstri bankans um 50% frá 2019 til ársins 2024 og að ná kolefnishlutleysi í rekstri að meðtöldum fjármögnuðum útblæstri frá lánasafni fyrir árið 2040.

Birtir fyrirtækið umfjöllun um sjálfbærni- og loftlagsáhættu sem fylgir alþjóðlegum TCFD viðmiðum? ☒
Í áhættuskýrslu bankans (Pillar 3 Report) fyrir árið 2023 er sérstakur kafla um sjálfbærni- og loftlagsáhættu sem fylgir alþjóðlegum TCFD viðmiðum.

Fjármagnaður útblástur

Mat á fjármögnuðum útblæstri bankans sýnir að kolefnisspor af lánasafni og eignum í stýringu er margfalt stærra en kolefnisspor af rekstri. Stærsta tækifæri bankans til þess að vera hreyfiafl til góðra verka er í gegnum vöru- og þjónustuframboð, með öðrum orðum að valdefla og hvetja viðskiptavinum bankans á þeirra sjálfbærnivegferð.

Fjármagnaður útblástur 2022 og 2023

Í fyrsta sinn birtir bankinn upplýsingar um mat á fjármögnuðum útblæstri samhlíða ársuppgjöri. Þá birtir bankinn í fyrsta sinn upplýsingar um fjármagnaðan útblástur vegna ríkisskuldabréfa, sem valda verulegum útblæstri.

Kolefnisspor af lánasafni hefur nú verið mælt síðastliðin fimm ár og athygli vekur að útblásturinn hefur ekki aukist að ráði eftir að hafa tekið snarpa dýfu árið 2020 þegar COVID-19 hafði mikil áhrif til lækkunar. Mikil breyting á markaðsvirði stórra fyrirtækja árið 2021 olli því að fjármögnunarhlutfall bankans lækkar í útblásturskrefjandi fyrirtækjum eftir 2020. Sú breyting hefur ekki, og mun ólíklega, ganga til baka. Þá hefur samsetning lánasafns bankans verið svipuð og útblástur innan mismunandi greina ekki aukist að ráði.


Lán sem falla undir iðnað valda mestum útblæstri 2023, eða um 30% af útblæstri en eru einungis 4% af lánasafni í íslenskum krónum. Næst koma vegasamgöngur sem valda 20% af útblæstri en eru 6% af heildarútlánunum. Þar á eftir kemur sjávarútvegur og nemur útblástur vegna hans 16% en 6% af heildarútlánunum. Alþjóðasiglingar og flug nema samtals 22% af heildarútblæstri en einungis 1,3% af heildarlánunum. Húsnæðislán og atvinnuhúsnæði sem saman nema 62% af heildarútlánunum valda 1% af útblæstri lánasafnsins.

Aðferðarfræði

Frekari upplýsingar um aðferðarfræði er að finna í skýrslu bankans um kolefnishlutleysi og í áhættuskýrslu.


[Road to net zero](#)
[Áhættuskýrsla](#)

Heildarlosun Íslandsbanka 2019-2023
ktCO₂i



¹ Mat á fjármögnuðum útblæstri eigna í stýringu fyrir 2023 var ekki aðgengilegt

Kolefnisspor af lánasafni 2023
(Samtals = 152 ktCO₂i)



Markmið um samdrátt í kolefnisfótspori lánasafns

Íslandsbanki birtir markmið um samdrátt fyrir sjávarútveg. Markmiðið byggir á loftslagsvegvisi atvinnulífsins, aðgerðaráætlun stjórnvalda og alþjóðlegum viðmiðum. Markmiðið er metnaðarfullt og lýsir þörf á hröðum umskiptum orkugjafa.

Íslandsbanki hefur gripið til margvíslegra aðgerða á sviði loftslagsmála og er eini íslenski bankinn sem er stofnfélagi í NZBA, alþjóðlegu samstarfi banka sem stefna að kolefnishlutleysi í starfsemi sinni. Á þeim vettvangi deila bankarnir, sem standa undir 41% af bankastarfsemi í heiminum, reynslu sinni og leiðum til þess að vinna sig í átt að þessu sameiginlega markmiði. Með viðbótar atvinnugreininni sjávarútvegi, hefur Íslandsbanki birt markmið fyrir 64% af lánasafni og 78% af heildarútbæstri miðað við 2019. Íslandsbanki stefndi að því að birta einnig markmið fyrir byggingariðnaðinn og landbúnað en náði ekki markmiðinu vegna skorts á gögnum. Bankinn vonast til þess að geta bætt þeim við þegar upplýsingar verða aðgengilegar.


Aðferðafræðin á bakvið markmiðin byggir á ráðleggingum NZBA. Íslandsbanki hefur sett markmið á árinu 2024 um að setja sér vísindalega staðfest markmið (e. Science Based Target) og mun því þurfa að samræma markmiðin við þá aðferðafræði. Fyrir markmiðið um samdrátt í sjávarútvegi byggir Íslandsbanki á sömu efnahagsforsendum og í skýrslunni um kolefnishlutleysi, í samræmi við IEA NZ2050. Forsendur um samdrátt í útblæstri byggja á mati sem framkvæmt var fyrir sjávarútveginn á Íslandi í samstarfi við íslenska ríkið¹. Til 2030

treystir markmiðið á að íslenski fiskveiðiskipafloinn verði endurnýjaður eins mikið og mögulegt er, þar sem meðalaldur er hár. Eftir 2030 eru engar upplýsingar frá innlendum aðilum og því er gert ráð fyrir að samdráttur fylgi flutningi á sjó í samræmi við IEA NZ 2050, þar sem báðar atvinnugreinar standa frammi fyrir sömu tækniskorðum.

Markmið um samdrátt í kolefnisspori atvinnugreinar í lánasafni bankans²
Samdráttur frá viðmiðunarári (2019)

Atvinnugrein	2030	2040	2050
Flug og alþjóðasiglingar	>65%	>75%	>95%
Vegasamgöngur	>50%	>75%	>95%
Íbúðar- og atvinnuhúsnæði	<0%	<0%	<0%
Orkuframleiðsla	<0%	<0%	<0%
Sjávarútvegur	>43%	>75%	>95%

Áætluð þróun kolefnisspors af lána- og eignasafni
ktCO₂e



¹ Decarbonization study for the fishing fleet in Iceland & https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/URN/Stoduskysrsla_Adgerdaaetlun_2022.pdf

² Engin atvinnugreinarmarkmið hafa verið sett fyrir aðrar greinar en þær firm sem taldir eru upp í töflunni, grafið gerir ráð fyrir 50% samdrátt í öðrum greinum í takt við loftlagsmarkmið og skuldbindingar Íslands.

Kolefnishlutlaus rekstur

Bankastarfsemi er ekki orkufrekur rekstur en bankinn telur það engu að síður mikilvægt að vera fyrirmynd og setja sér metnaðarfull markmið varðandi mælingu útblásturs af rekstri, minnkun á kolefnisspori og mótvægisaðgerðir. Með þessum hætti leggur bankinn sitt af mörkum hvað varðar þá hugarfarsbreytingu sem nauðsynleg er til þess að styðja við loftslagsaðgerðir.

Kolefnisspor af rekstri Íslandsbanka hefur verið metið og birt frá árinu 2018 samkvæmt aðferðarfræði Greenhouse Gas Protocol. Heildarlosun Íslandsbanka frá rekstri var um 1.400 tonn koltvísýringsígilda (tCO₂i) árið 2023. Inni í heildarlosun eru sömu losunarvaldar og árið 2022, en þá var lögð áhersla á að ná betur utanum heildarlosun bankans.

Íslandsbanki stefndi að því að draga úr kolefnisspori af rekstri bankans um 50% frá 2019 til 2024. Vel hefur tekist til að draga úr kolefnisspori af umfangi 1 en nemur samdráttur losunar þess þáttar 82% frá 2019 til 2023 en mestu má þar þakka rafbílavæðingu flota bankans.

Heildarkolefnisspor í tengslum við losunarvalda í umfangi 2 og 3 sem voru mældir bæði árið 2019 og árið 2023 hækkuðu hins vegar um 3%, sem er langt frá markmiði bankans um samdrátt. Á árinu voru gerðar breytingar á höfuðstöðvum bankans og í kjölfarið keypti bankinn töluvert meira af raftækjum sem valda 37% af heildarútblastri ársins. **Ef horft er fram hjá þessum einskisþis útblæstri á árinu 2023 er lækkunin á heildarlosun samanburðarhæfra þátta umfangs 3 frá 2019 til 2023 43%.** Aðrir flokkar en raftækjakaup og matarkaup fyrir mótuneyti lækkuðu milli 2022 og 2023 en þó var mestur samdráttur í útblæstri vegna úrgangs, sem nam 61% vegna innleiðingu snjallmæla vegna úrgangs í Norðurturni.


Kolefnisjöfnun með mótvægisaðgerðum

Frá árinu 2019 hefur bankinn tryggt að starfsemi hans sé kolefnisjöfnuð með mótvægisaðgerðum sem jafna fyrir þann hluta sem ekki hefur verið unnt að minnka. Íslandsbanki leggur áherslu á fjölbreytt verkefni til þess að jafna kolefnisfótspor starfseminnar að fullu. Þar er áherslan á vottuð alþjóðleg verkefni en bankinn styður einnig við þjóðhagslega mikilvæg verkefni á innlendum vettvangi.

Íslandsbanki kolefnisjafnaði rekstur sinn að fullu með kaupum á 1.500 vottuðum kolefnisjöfnunareiningum í gegnum verkefni Sameinuðu þjóðanna, United Nations Carbon Offset Platform. Verkefnið sem um ræðir er sólarraforkuverkefni á Indlandi sem bæði hefur hlotið vottun Gold Standard og Clean Development Mechanism (CDM). Auk þess keypti bankinn kolefniseiningar vegna kolefnisförgunar á árinu 2023 af Running Tide sem er framsækið sjávartæknifyrirtæki á sviði kolefnisförgunar.

Því til viðbótar studdi Íslandsbanki á árinu mikilvægt innlent verkefni með kaupum á vottuðum einingum í bið (ex ante). Um er að ræða einingar frá nýskógræktarverkefni á Hvanná á vegum Yggdrasill Carbon. Kolefniseiningarnar verða ekki virkar (ex post) fyrr en forðunin hefur raungerst og eru áhrifin af verkefninum ekki talin með sem kolefnisjöfnun rekstrar bankans á árinu 2023, heldur gætu nýst á síðari árum þegar þau hafa raungerst.

Fimm stærstu losunarvaldar í rekstri árið 2023



Félagslegir þættir 2023


Sjálfbærniuppgjör 2023

Stefnur, reglur og verklag

Áritun endurskoðenda

F1 Launahlutfall forstjóra

Laun og bónusgreiðslur forstjóra sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starf



Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?



F4 Kynjafjölbreytni

M.v. fjölda starfsmanna óháð starfshlutfalli

Hlutfall kvenna í fyrirtækinu

55%

Hlutfall kvenna í byrjenda-starfi og næsta starfsþrepi fyrir ofan

56%

Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda

46%

F7 Vinnuslysatiðni

Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna

0

F10 Mannréttindi

Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?



Bankinn leggur áherslu á virðingu fyrir mannréttindum og að eiga ekki viðskipti sem tengjast við hvers konar mannréttindabrot, t.d. mismunur á grundvelli kyns, trúar eða kynþáttar, sbr. sjálfbærnistefna.

Ef já, nær stefnan einnig til birgja og seljenda?



Birgjar skulu leggja áherslu á fylgni við lög, reglur og alþjóðlega samninga um vernd mannréttinda skv. siðareglum birgja.

F2 Launamunur kynja



Miðgildi heildarlauna karla sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna

1,31




Niðurstaða jafnlaunavottunar

0,2%

Íslandsbanki hefur hlotið faggilta jafnlaunavottun samkvæmt IST staðlinum 85:2012 árlega síðan 2018. Samkvæmt síðustu jafnlaunaúttekt var óútskýrður launamunur fyrir jafnverðmæt störf 0,2%.

F5 Hlutfall tímabundinna starfskrafta



F8 Hnatræn heilsa og öryggi

Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?



Íslandsbanka er annnt um velliðan starfsmanna og styður við heilbrigði með ýmsum hætti í takt við mannauðsstefnu bankans. Stefnan fjallar m.a. um mikilvægi hvetjandi starfsumhverfis.

Aðrir mikilvægismælikvarðar út frá atvinnugeira

Hefur fyrirtækið ferla fyrir uppljóstranir sem eru vel kynntir fyrir starfsmönnum?



Öllu starfsfólki bankans stendur til boða úrræði við að koma upplýsingum um óviðeigandi háttsemi á framfæri með nafnlausum hætti.

Er fyrirtækið, og vörur þess, aðgengilegt fyrir jaðarhópa, lítil fyrirtæki eða samfélög?




Horft er til ýmissa þátta svo sem jafnréttis og aðgengis þar sem lögð er áhersla á aðgengi í útibúum og á skrifstofum.



Býður fyrirtækið upp á sjálfbær lán sem styðja við félagsleg markmið stjórnvalda?

F3 Starfsmannavelta

Árleg breyting fjölda starfsmanna



F6 Aðgerðir gegn mismunur

Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?



Mannauðsstefna Íslandsbanka leggur áherslu á jöfn tækifæri og að vinna markvisst gegn mismunur, kynferðislegu áreiti og einelti.

F9 Barna- og nauðungarvinna

Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun og nauðungarvinnu?



Sjálfbærnistefna Íslandsbanka tekur fram að bankinn mun ekki eiga viðskipti við aðila sem tengjast á nokkurn hátt barna- og nauðungarvinnu.

Ef já, nær stefnan einnig til birgja og seljenda?



Bankinn vill ekki eiga viðskipti við aðila sem stunda mannréttindabrot, s.s. þrælkun, barnavinnu, mismunur á grundvelli kyns, trúar eða kynþáttar eða brot gegn kjarasamningum sbr. siðareglur birgja.

Er stjórnendum gefin ábyrgð á siðferðislegri markaðssetningu og orðsporsáhættu?



Stjórnendur bera ábyrgð á siðferðislegri markaðssetningu og orðsporsáhættu og fer fram margvisleg árleg stjórnendabálfun.

Er til áætlun um mannauðspróun, sem inniheldur markmið um nýliðun, þróun og starfsmannaveltu?



Hefur stjórn fyrirtækisins samþykkt og birt opinberlega markmið á sviði jafnréttismála?



Bankinn stefnir m.a. að því að hlutfall eins kyns fari ekki yfir 60% í hverju stjórnendalagi fyrir sig.

Framúrskarandi vinnustaður fyrir öll

Jafnrétti og fjölbreytileiki er okkur mikið hjartans mál. Bankinn hefur stigið skýr skref í átt að frekara jafnrétti og hefur áherslan á síðustu árum færst í auknum mæli yfir á að tryggja jafnrétti og fjölbreytileika í víðari skilningi. Markmiðið er að gera betur á hverju ári og vera þannig hreyfiafl til góðra verka.

Jöfn tækifæri

Íslandsbanki kappkostar að hafa sem jafnast hlutfall kynja á sviðum, deildum, nefndum, ráðum og stjórnnum sem og í stjórnendastöðum. Eitt mikilvægasta sjálfbærnimarkmið Íslandsbanka er að tryggja að hlutfall eins kyns fari ekki yfir 60% í stjórnendateymi bankans. Starfsauglýsingar eru ókyngreindar og þegar valið stendur milli jafn hæfra einstaklinga skal ráðið það kyn sem hallar á í einingunni. Samhliða þessum jafnréttissjónarmiðum hefur bankinn sett upp jafnréttisáætlun, hvoru tveggja samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Þar má sjá markmið sem snúa að launajafnrétti, en Íslandsbanki hefur hlotið faggilta jafnlaunavottun samkvæmt ÍST staðlinum 85:2012 Jafnlaunakerfi árlega síðan 2018. Auk þess höfum við sett okkur markmið sem snúa að því að fjölga konum í deildum þar sem kynjahalli hefur verið mikill, eins og í fjárfestingarbanka og upplýsingatækni. Rík áhersla er á að starfsfólki sé gert kleift að samræma skyldur sínar gagnvart vinnu og fjölskyldulífi með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum, eða annarri vinnuhagræðingu, eftir því sem við verður komið og þörf er á hverju sinni.


Áframhaldandi þróun í rétta átt

Íslandsbanki leggur ríka áherslu á að tryggja jafnrétti, fjölbreytileika og mannréttindi og býður öll velkomin, bæði viðskiptavinum og starfsfólki.

Allt starfsfólk á rétt á því að komið sé fram við það af virðingu og að það sæti ekki einelti, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni né ofbeldi (EKKO). Slíkt er óheimilt samkvæmt lögum og er ekki undir neinum kringumstæðum umborið innan bankans. Á árinu skerptum við vel á öllum verkferlum í tengslum við EKKO og samskiptavanda. Ný stefna var sett fram og allar upplýsingar um málaflokkinn vel kynntar. Allir stjórnendur sátu sérstaka fræðslu með það að markmiði að efla færni sína til þess að takast á við hvers kyns samskiptavanda eða mál af þessum toga. Auk þess fékk allt starfsfólk fræðslu um málaflokkinn. Vegferðin var liður í því að tryggja öryggi, heilsu og vellíðan starfsfólks okkar.

Á árinu var að auki Jafnréttis- og fjölbreytnihópur Íslandsbanka settur á laggirnar. Framtíðarsýn hópsins er að tryggja að Íslandsbanki sé framúrskarandi vinnustaður fyrir öll. Með áherslu á fræðslu og vitundarvakningu, sem og samstarf við ytri og innri aðila, er hópnum ætlað að vera farvegur fyrir jafnrétti og fjölbreytileika innan bankans. Markmiðið er að hópurinn hafi góð og jákvæð áhrif á þennan málaflökk, veiti aðhald og stuðning – svo að við getum gert enn betur en áður.

Hlutfall kvenna í stjórn og framkvæmdastjórn



Heimild: https://www2.deloitte.com/content/dam/insights/articles/us175770_cfs_within-reach-global-update-article/DL_Within_reach_global_update.pdf

Jafnvægisvögin og fæðingarorlof

Íslandsbanki hlaut á árinu 2023 gullmerki Jafnvægisvogarinnar fimmta árið í röð. Jafnvægisvögin er hreyfiaflsverkefni á vegum Félags kvenna í atvinnurekstri (FKA) og er mikilvægur þáttur í því að vekja öll til umhugsunar um virði fjölbreytileika og jafnréttis með auknum jöfnuði kynja í stjórnunarstöðum. Viðurkenningin staðfestir að bankinn hefur á framúrskarandi hátt unnið að markmiðum vogarinnar og náð að jafna hlutfall kynja í efsta lagi stjórnunar.

Bankinn hvetur starfsfólk sitt, feður jafnt sem mæður, til að nýta fæðingarorlofsrétt sinn. Með það að markmiði að tryggja jafnan hlut kynjanna enn frekar tryggir bankinn starfsfólki sínu 80% laun á meðan á fæðingarorlofi stendur. Auk þess er boðið upp á tímabundna aðlögun við endurkomu úr fæðingarorlofi.

Fjárhagsleg heilsa

Íslandsbanki leggur áherslu á að styrkja fjárhagslega heilsu viðskiptavina sinna. Bankinn vill byggja upp fjármálaþekkingu hjá viðskiptavinum sínum og almenningi, til þess að styrkja viðskiptavinum í að taka ábyrgð á eigin fjármálum og auka öryggi og fjárhagslegt frelsi þeirra.

Fræðsla

Íslandsbanki bauð upp á fjölbreytta fjármálafræðslu á árinu, hvort sem það voru viðburðir, greinaskrif eða fræðsla á samfélagsmiðlum. Alls sóttu ríflega 3.500 gestir 62 erindi sem haldin voru á vegum bankans. Meðal þess sem var boðið upp á voru erindi um netöryggi, íbúðamarkaðinn, fæðingarorlof, hlutabréfamarkaðinn, ferðaþjónustuna, sjávarútveginn og lífeyrismál.

Þá var haldin fjármálavinnustofa með Íslendingum sem hafa nýlega flust til landsins og einnig var farið af stað með rafræna fyrirlestraröð, **Miðvikudagsbollann**, þar sem fókusinn var á nýsköpun og fyrirtæki.

Samantekt úr greinaskrifum starfsfólks og efni frá greiningar-deild bankans var sett á samfélagsmiðla og efninu miðlað sem víðast.

Fjármálafræðsla

Orðabankinn

Á degi íslenskrar tungu settum við **Orðabankann** í loftið, þar sem fólk getur fundið útskýringar á ýmsum fjármálahugtökum. Hugmyndin að baki Orðabankanum er að efla fjármálalæsi og aðstoða fólk við að skilja öll þau bankahugtök og frasa sem notast er við í bankaheiminum. Fólk getur síðan sent inn sín orð sem það vill sjá þýðingu á og þannig eftt fjármálalæsi sitt enn frekar.

Orðabankinn

Krakkabankinn

Nýr baukur leit dagsins ljós á árinu, en hann er úr áli og því umhverfisvænni en bæði plast- og pappabaukarnir sem voru í boði áður fyrr. Þá var öllum þeim börnum sem lögðu inn á Framtíðarreikning gefnar bækur úr bókaflokknum Litla fólkið og stóru draumarnir, en þannig vill bankinn hvetja börn til að lesa um góðar fyrirmyndir. **Krakkabankinn** hélt síðan veglegan jóla viðburð í útibúinu í Norðurturni og á Akureyri þar sem boðið var upp á tónleika og leiksýningar.



Nýsköpun innanhúss og utan

Íslandsbanki leggur áherslu á að hlúa að nýsköpun á Íslandi, en heimsmarkmið #9 um nýsköpun og uppbyggingu er eitt af þeim fjórum heimsmarkmiðum sem bankinn hefur valið að styðja sérstaklega við með margvíslegum hætti.

Nýsköpunardagur starfsfólks

Á árinu var nýsköpunardagur hjá starfsfólki endurvakinn, en dagurinn gengur undir nafninu **Heilahristingur**. Tilgangurinn var að hvetja starfsfólk til nýsköpunar, fá fólk til að virkja sinn innri frumkvöðul, hrista upp í daglegri rútinu og vinna að nýjum og spennandi verkefnum. Heilahristingur var haldinn í september 2023 og fór þannig fram að starfsfólk gat skráð hugmyndir sínar og óskað eftir að vinna þær áfram, sjálfstætt eða með öðrum. Allar hugmyndir voru gjaldgengar, óháð því hvort þær beintengdust starfsemi bankans eða ekki. Yfir 40 hugmyndir bárust og voru 14 af þeim unnar áfram. Hóparnir fengu rúman sólarhring til að útfæra hugmyndina og kynna hana fyrir samstarfsfólki og að lokum var kosið um bestu hugmyndirnar.

Einni hugmynd úr Heilahristingi, **Þín rödd**, hefur þegar verið hrint í framkvæmd. Þín rödd er hugmyndabanki þar sem viðskiptavinir og starfsfólk geta komið með hugmyndir að bættri þjónustu eða nýrri tækni. Markmið hugmyndabankans er að koma á betra samtali við viðskiptavini og auka lýðræðislega þátttöku þar sem notendur geta kosið þær hugmyndir sem þeim hugnast best og liðsinnt þannig bankanum við forgangsriðun verkefna tengdum vörupróun. Með þessu tryggjum við aukið gagnsæi, mætum þörfum viðskiptavina og stuðlum að aukinni sköpunargleði allan ársins hring.

Þín rödd

Úthlutanir úr Frumkvöðlasjóði

Stærsta framlag Íslandsbanka á þessu sviði er styrkveitingar úr Frumkvöðlasjóði Íslandsbanka. Markmið sjóðsins er að hvetja til nýsköpunar og þróunar og styðja við bakið á frumkvöðlaverkefnum sem stuðla að þeim heimsmarkmiðum sem bankinn leggur sérstaka áherslu á – menntun fyrir alla, jafnrétti kynjanna, nýsköpun og uppbygging og aðgerðir í loftslagsmálum. Frá stofnun hefur sjóðurinn styrkt margvísleg verkefni um 215 milljónir króna. Umsóknum fjölgaði nokkuð milli ára, voru 90 á síðasta ári en 132 í ár. Fjölbreyttir hópar af landsbyggð og höfuðborgarsvæði standa að verkefnum, en 27 prósent teymanna voru eingöngu skipuð konum, 15 prósent eingöngu skipuð körlum og 58 prósent blönduð. Á árinu 2023 voru veittar 50 milljónir króna í styrki til fjórtán verkefna.



Verkefnin sem hlutu styrk 2023

Arterna Biosciences
AskStudy
CircleFeed
Ecosophy
FráBæ
Inn í söguna – History up close
Kozmoz
Kaffibrennslan í Skagafirði
Nanna Lín
Polykite Game
Rúststeinar
Souldis
Stafræn íslensk nýsköpunargátt
Öryggiskrossinn – The Safety Kross

Nánar um verkefnin



Öryggi upplýsinga og varnir gegn netárásum

Íslandsbanki leggur áherslu á stafræna þróun og notkun upplýsingatækni. Aukin notkun upplýsingatækni getur haft jákvæð og neikvæð áhrif á viðskiptavinum bankans. Stafræn þróun eykur skilvirkni, getur flýtt fyrir og einfaldað þjónustu en getur þó gert bæði bankann og viðskiptavinum útsetta fyrir svikum og netárásum. Rekstrar- og öryggisnefnd bankans sækir umboð sitt til bankastjóra og er hlutverk hennar að rýna rekstrar-, kerfis- og öryggismál sem og heilbrigði upplýsingakerfa.

Upplýsingaöryggi

Öryggi viðskiptavina skiptir bankann miklu máli. Upplýsingaöryggi felur í sér að vernda upplýsingar frá óheimilum aðgangi, breytingum, eyðingu eða tjóni.

Til að tryggja öryggi viðskiptavina er bankinn með stjórnkerfi fyrir upplýsingaöryggi og hefur hann hlotið vottun upplýsingaöryggisstaðalsins ISO27001:2013 frá árinu 2016. Hliti bankans við staðalinn er tekin út árlega af KPMG í Finnlandi. Vottunin ISO 27001 þýðir að Íslandsbanki hafi sýnt fram á að hafa sett upp, framkvæmt, viðhaldið og endurbætt stjórnkerfi til að stjórna upplýsingaöryggi á ábyrgan og öruggan hátt. Það felur einnig í sér að bankinn hafi tekið tillit til ógnana, veikleika og áhrifa sem geta haft á upplýsingar sem það á eða meðhöndlar, og að hafa valið og beitt viðeigandi öryggisráðstöfunum til að vernda þær.

Netöryggi

Mikil aukning hefur orðið í svikum og svikatilaunum á Íslandi undanfarin ár. Svikahópar hafa í auknum mæli reynt

að blekkja einstaklinga og fyrirtæki til að hleypa sér inn á netbanka með rafrænum skilríkjum. Íslandsbanki var fyrstur banka á Íslandi til að setja upp sólarhrings neyðarvakt þar sem viðskiptavinir geta fengið aðstoð lendi þeir í fjárhagslegum glæpum eða svindli, hvort sem það er í gegnum netbanka eða kort. Á árinu var komið á laggirnar nýrri deild, Svikavakt Íslandsbanka, sem hefur það hlutverk að vakta, greina og koma í veg fyrir svik. Svikavakt Íslandsbanka er bæði með fræðslu fyrir starfsfólk í formi vikupósta um það helsta sem er að gerast í svikum og námskeið fyrir starfsmenn. Þar að auki er Íslandsbanki með svikafræðslu út á við til viðskiptavina á netöryggissíðu Íslandsbanka og hélt í september opinn fjarfund fyrir viðskiptavinum um netöryggi, netöryggislausnir og það helsta sem er að gerast í netsvikum. Íslandsbanki er þátttakandi í norrænu samstarfi Nordic Finance CERT þar sem upplýsingum um svik og árásir er deilt á milli meðlima og farið er yfir hvernig aðilar geta varist netárásur.

Netöryggi

Prófanir og æfingar

Bankinn framkvæmir reglulega prófanir á upplýsingakerfum og æfir viðbragðsáætlanir ásamt því að framkvæma sjálfvirkar og handvirkar prófanir og innri úttektir til að tryggja öryggi. Allur hugbúnaðarkóði er yfirfarinn og prófaður vélrænt og handvirk áður en hann fer í rekstur. Rekstrarumhverfi bankans er aðskilið í þróunar-, prófunar-, viðtöku- og rekstrarumhverfi til að tryggja aðskilnað og koma í veg fyrir atburði sem tengjast þróun og innleiðingu tölvukerfa. Áhættumöt eru notuð til að stýra áhættum og tryggja að sami atburður geti ekki haft áhrif á rekstrarumhverfi bankans. Hæfir aðilar eru fengnir til að ráðast á tölvukerfi bankans og leita að glufum utan frá og innan frá, en slíkar prófanir geta staðið yfir í fjölda mánaða í senn. Nokkrum sinnum á ári æfir netöryggissveit bankans viðbragðsáætlanir við hvers kyns netvá. Neyðarstjórn bankans æfir að lágmarki einu sinni á ári viðbrögð við stóráföllum, þar á meðal gagnagíslatökum og gagnaleikum. Bankinn er kerfislega mikilvægur og sem slíkur falla á hann ríkar kröfur sem hann þarf að uppfylla til að tryggja öryggi þeirra verðmæta sem hann hefur í vörslu sinni.



Samstarf og samtal við viðskiptavini

Sjálfbærni kemur sífellt oftar upp í samtölum við fulltrúa fyrirtækja í viðskiptum hjá bankanum og hefur áhugi aukist á sjálfbærum fjármögnunarmöguleikum. Í takt við þessa þróun hefur Íslandsbanki eftl fræðslu um sjálfbærni í samhengi ólíkra atvinnugreina, meðal annars með útgáfu atvinnugreinaviðmiða og viðburða um sjálfbæran rekstur.

Sjálfbær fjármögnun og fjárhagslegir hvatar

Umbreytingin í átt að kolefnishlutleysi krefst verulegrar fjárfestingar, sem skapar tækifæri fyrir banka við að styðja fjármögnunarþörf viðskiptavina. Bankinn er ákveðinn í að skapa jákvæða hvata til að flýta fyrir fjárfestingu í nauðsynlegri umbreytingu til að sporna gegn loftslagsbreytingum. Möguleikinn til þess að veita slíkan hvata kemur annars vegar frá hagstæðari fjármögnunarkjörum bankans þegar gefin eru út sjálfbær skuldabréf og hins vegar frá öflugri stýringu sjálfbærniáhættu sem getur haft áhrif á útlánaáhættu. Þannig er mögulegt að veita hagstæðari vaxtakjör til sjálfbærra verkefna og fyrirtækja í viðskiptum hjá bankanum.

Sjálfbær fjármögnun til fyrirtækja

Sjálfbærni fræðsla

Í byrjun árs birti Íslandsbanki atvinnugreinaviðmið fyrir *Framleiðsla, verslun og þjónusta*. Voru það jafnframt fjórðu sjálfbærni viðmiðin sem bankinn gefur út á þessu sviði. Atvinnugreinaviðmiðin eru hugsuð sem verkfæri til að veita fyrirtækjum betri yfirsýn yfir áhættu og tækifæri tengd sjálfbærni í sinni atvinnugrein. Ólíkar atvinnugreinar geta verið útsettar fyrir mismunandi áhættuþáttum og innihalda viðmiðin sérsniðnar ráðleggingar um stýringu þeirra. Það er von bankans að viðmiðin skapi sameiginlegan grundvöll Íslandsbanka, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila til að eiga frekara samtal um sjálfbærni. Þá hefur bankinn einnig birt ítarlegt fræðsluefni um sjálfbærni í rekstri á vefnum.

Atvinnugreinaviðmið

Uppfært UFS-áhættumat og stýring sjálfbærniáhættu

Í lok árs 2023 höfðu 93%¹ allrar útlánaáhættu verið metin með hliðsjón af UFS-áhættuþáttum. Fyrir árið var sett metnaðarfullt markmið um að ná 100% af því mengi sem á að meta. Útlit er fyrir að markmiðinu verði náð fyrir lok fyrsta ársfjórðungs 2024. Þó hefur náðst betri yfirsýn yfir hvar helsta áhætta tengd sjálfbærni liggur í lánasafninu, en bankinn hefur einsett sér að horfa til UFS-viðmiða við mat á áhættu og verðlagningu útlána bankans.

UFS-áhættumatið og leiðbeiningar þess voru uppfærð á árinu. Í kjölfarið var starfsfólk frætt og þjálfað í að framkvæma áhættumatið. Uppfærslan gekk vel og fjöldi starfsfólks framkvæmdi mót með nýrri og bættri aðferð. Sífellt stærri hópur viðskiptavina gefur þessum málum gaum og taka viðskiptavinir samtalinu almennt fagnandi. Þessi jákvæði umræðugrundvöllur um sjálfbærni er uppspretta lærdóms sem gagnast báðum aðilum.

Áhættuskýrsla 2023

¹ Að undanskildum einstaklingum og litlum fyrirtækjum sem eru utan mengis



Stjórnarhættir 2023

Sjálfbærniuppgjör
2023

Stefnur, reglur
og verklag

Áritun endurskoðenda

S1 Kynjahlutfall í stjórn

43%

Hlutfall kvenkyns **stjórnarmeðlima**

67%

Hlutfall kvenkyns **nefndarformanna**

S4 Kjarasamningar

Hlutfall starfsmanna sem fellur
undir almenna kjarasamninga

100%

S7 Persónuvernd

Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?

Persónuverndarstefna bankans er ítarleg og aðgengileg á vef bankans. Persónuvernd og öryggi persónuupplýsinga eru mikilvægir þættir í starfsemi Íslandsbanka og bankinn tekur alvarlega þær skyldur sem þeim fylgja.

Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja
GDPR reglum?

S10 Gögn tekin út / sannreynd af ytri aðila

Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða
staðfest af þriðja aðila?

Sjálfbærniuppgjör Íslandsbanka fyrir árið 2023 er unnið í samstarfi við Klappir grænar lausnir. Endurskoðunarfyrirtækið Deloitte yfirfór og veitti staðfestingu með takmarkaðri vissu fyrir alla sjálfbærniupplýsingagjöf bankans árið 2023.

S2 Óhæði stjórnar

Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna
stjórnarformennsku?

Í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 á Íslandi getur forstjóri ekki verið stjórnarformaður sama félags.

100%

Hlutfall óháðra stjórnarmanna

S5 Siðareglur birgja

Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess
að fylgja siðareglum?

Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall
birgja hefur formlega staðfest að
þeir fylgi siðareglunum?

77%

S8 Sjálfbærnisráðgjafi

Birtir fyrirtækið sjálfbærnisráðgjafi?

Íslandsbanki birtir árs- og sjálfbærnisráðgjafi á hverju ári.

Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda
gögn um sjálfbærni?

Aðrir mikilvægismælikvarðar út frá atvinnugeira

Hefur fyrirtækið skoðað UFS áhættu tengda
óliklegum en stórbrotnum atburðum?

Já, sem hluta af innri álagsprófum.

Hefur fyrirtækið skoðað langtímaáhættu tengda
UFS þáttum?

Já, sjá nánar í áhættuskýrslu fyrir árið 2023.

Framfylgir fyrirtækið samkeppnisréttaráætlun?

S3 Kaupaukar

Fá framkvæmdastjórnar formlegan kaupauka fyrir
að ná árangri á sviði sjálfbærni?

Í 8. grein starfskjarastefnu bankans kemur fram að bankinn heimilar ekki kaupauka.

S6 Siðferði og aðgerðir gegn spillingu

Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu
gegn spillingu og mútum?

Íslandsbanki hefur sett siðareglur fyrir starfsfólk og stjórn auk þess sem sjálfbærnistefna bankans leggur áherslu á þessa þætti. Bankinn hefur enn fremur sett sér stefnu um baráttu gegn peningaþvætti.

Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna
hefur formlega staðfest að það
fylgi stefnunni?

99%

S9 Starfsvenjur við upplýsingagjöf

Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni
til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?

Íslandsbanki veitir upplýsingar um sjálfbærni meðal annars til CDP, UN Global Compact og UN Environmental Programme - Financial Initiative

Leggur fyrirtækið þitt áherslu á tiltekin heims-
markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun
(UN SDGs)?

Íslandsbanki leggur áherslu á að styðja við fjögur af heims-
markmiðum SP um sjálfbæra þróun: #4 menntun fyrir alla,
#5 jafnrétti kynjanna, #9 nýsköpun og uppbygging, #13
aðgerðir í loftslagsmálum.

Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu
um framvindu heimsmarkmiða SP?

Íslandsbanki hefur sett sér sjálfbærnimarkmið til ársins
2025 með tengingu við heimsmarkmið SP.

Framfylgir fyrirtækið stefnu um hagsmunaráreikstra?

Framfylgir fyrirtækið stefnu um meðhöndlun
kvartana?

Hvaða skuldbindingar, eða sáttmála hefur fyrirtækið
gengist undir tengt UFS málum?

UN Global Compact, UN Principles for Responsible Banking, CDP, NZBA, TCFD, PCAF, UN Principles for Responsible Investments (Íslandssjóðir), Nordic CEOs for a Sustainable Future, CFO Taskforce for the SDGs, Loftslagsmarkmið Festu og Reykjavíkurborgar frá árinu 2015, Iceland SIF.

Góðir stjórnarhættir

Stjórn Íslandsbanka hefur einsett sér að vera framúrskarandi í góðum stjórnarháttum og að stjórnarhættir bankans samræmist því regluverki sem um starfsemina gildir, alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum og bestu framkvæmd á sviði stjórnarháttanna.

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Stjórnarhættir Íslandsbanka eru í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og gerir bankinn árlega úttekt á því hvort stjórnarhættir bankans séu í samræmi við þær. Gerð er nánari grein fyrir stjórnarháttum bankans í stjórnarháttayfirlýsingu.

Stjórnarháttayfirlýsing

Stefna um hagsmunaárekstra

Á árinu tók stjórn til endurskoðunar stefnu bankans um hagsmunaárekstra. Bankinn leggur ríka áherslu á að allir starfsmenn hans séu meðvitaðir um hættuna á hagsmunaárekstrum hvað starf þeirra varðar og grípi til viðeigandi aðgerða til þess að koma í veg fyrir, eða takast á við, hagsmunaárekstra í starfsemi bankans.

Stefna um hagsmunaárekstra

Starfs- og siðareglur

Starfs- og siðareglum bankans er ætlað að stuðla að góðum starfsháttum innan bankans og styðja við regluverk bankans. Reglurnar hafa að geyma mikilvægar leiðbeiningar til starfsfólks m.a. varðandi áhættumenningu, persónuvernd og tilkynningar um misferli.

Starfs- og siðareglur

Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skipa ríkan sess í starfsemi bankans og hefur hann einsett sér að koma í veg fyrir að hann eða vörur hans verði notaðar í að þvætta fé eða fjármagna hryðjuverk. Sterkar peningaþvættisvarnir byggjast á öfluglu samspili eftirlits starfsfólks og kerfa, sem og góðum stjórnarháttum. Auk stefnu bankans um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka starfar starfsfólk samkvæmt verklagi til að draga úr slíkri áhættu og fær allt starfsfólk bankans að minnsta kosti árlega þjálfun og fræðslu um málaflokkinn.

Samkeppnisréttaráætlun

Stjórn Íslandsbanka uppfærði á árinu samkeppnisréttaráætlun bankans og dótturfélaga hans. Það er stefna bankans að ástunda virka samkeppni á þeim mörkuðum sem hann starfar á og að starfsemin samrýmist þeim skyldum sem leiða af samkeppnislögum á hverjum tíma.

Samkeppnisréttaráætlun



Stjórnarhættir varðandi sjálfbærni

Skýrt skilgreind hlutverk og ábyrgð stjórnenda á sviði sjálfbærni tryggja reglulega eftirfylgni með málaflokknum og styrkja getu bankans til að takast á við áskoranir og tækifæri sem honum fylgja.

Áritun endurskoðenda

Hlutverk stjórnar og framkvæmdastjórnar

Stjórn Íslandsbanka samþykkir sjálfbærnistefnu og sjálfbærnimarkmið bankans og ákvarðar áhættuviljann hvað varðar sjálfbærnitengda áhættu. Stjórnarháttar- og mannauðsnefnd, sem er undirnefnd stjórnar, hefur það hlutverk að aðstoða stjórn við að hafa eftirlit með, og fjalla um, innleiðingu á sjálfbærnistefnu bankans, svo sem framkvæmd sjálfbærs fjármálaramma og mótun sjálfbærnimarkmiða, hafa eftirlit með fylgni við sjálfbærnistefnuna og gera tillögur að úrbótum til stjórnar eftir atvikum. Stjórn er upplýst um stöðu sjálfbærni með reglulegu millibili og eru helstu mælikvarðar sjálfbærni hluti af mánaðarlegu áhættumælaborði stjórnar.

Bankastjóri er eigandi sjálfbærnistefnunnar en framkvæmdastjórn ber ábyrgð á framkvæmd sjálfbærnimarkmiða og að viðeigandi reglur og verklag innan starfssviðs þeirra séu í samræmi við sjálfbærnistefnuna.

Sjálfbærninefnd

Sjálfbærninefnd er formlegur vettvangur fyrir rýni og umræðu um mál er varða sjálfbærniáhættu (þ.m.t. UFS-áhætta), sjálfbær innkaup og viðskiptatækifæri. Nefndin gegnir eftirlits- hlutverki varðandi notkun á sjálfbærum fjármálaramma innan bankans og gefur álit á sjálfbærnimarkmiðum og aðgerðaáætlun þeim tengdum.

Í sjálfbærninefndinni sitja bankastjóri (formaður nefndar) og forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni auk fulltrúa frá viðskiptaeyningum. Nefndin er upplýst um framgang allra sjálfbærnimarkmiða bankans að minnsta kosti ársfjórðungslega og er þá sérstaklega fjallað um aðgerðir til þess að bregðast við stöðu þar sem framgangur er undir áætlun. Í flestum tilvikum hefur þá verið sett í gang aðgerðaáætlun um hvernig hægt sé að flýta vinnu við markmiðin en í einstaka tilvikum hafa ytri aðstæður krafist þess að markmið hafi verið endurskoðuð.

Gagnsæi

Íslandsbanki hefur lagt upp úr gagnsæi í upplýsingagjöf á sviði sjálfbærni. Bankinn hefur unnið sér í hagin í gegnum árin með þessari áherslu á gagnsæi í upplýsingagjöf þegar núverandi reglugerðir hafa tekið og munu taka gildi. Kolefnisspor af lánasafni bankans fyrir árin 2019 til 2023 hefur verið birt í samræmi við PCAF-aðferðafræðina. Þá voru Íslandssjóðir, dótturfyrirtæki Íslandsbanka, fyrsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins til þess að birta fjármagnaðan útblástur eigna í stýringu.

Íslandsbanki birtir einnig loftslagsmarkmið fyrir árið 2030 í samræmi við aðferðafræði NZBA, skilaði mælingum á kolefnisspori frá rekstri og lánasafni bankans inn til Climate Disclosure Project, umfangsmesta gagnasafns heims yfir umhverfisáhrif fyrirtækja, og veitti skýrslugjöf í samræmi við viðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (UN PRB). Í ár, eins og í fyrra, hefur öll sjálfbærniupplýsingagjöf í árs- og sjálfbæriskýrslu Íslandsbanka verið yfirfarin og hlotið takmarkað álit Deloitte.



Þátttaka starfsfólks og sjálfbærnimenning

Þátttaka starfsfólks er lykilatriði í að ná sjálfbærnimarkmiðum bankans og skapa fyrirtækjamenningu sem styður við vegferðina.

Fræðsla og vitundarvakning

Ýmis fræðsla var í boði á árinu en var sérhæfðari en áður. Haldinn var opinn fundur með UN Global Compact fyrir allt starfsfólk en annars var fræðsla haldin í lokuðum hópum. Haldnar voru vinnustofur með mismunandi deildum, þar sem rætt var um áhrif komandi löggjafar á starfsemi viðkomandi deildar. Þá var almenn sjálfbærnifræðsla á morgunfundi fyrir starfsfólk á einstaklingssviði.

Þó nokkrir fræðslufundir voru haldnir í tengslum við uppfærslu á umgjörð fyrir UFS-áhættumat á viðskiptavinum bankans, þar sem viðskipta- og lánastjórar fengu þjálfun í gerð matsins.

Starfsfólk réttir fram Hjálparhönd

Íslandsbanki hefur í meira en 10 ár boðið starfsfólki sínu að leggja sitt af mörkum til góðgerðarmála. Starfsfólk bankans getur varið einum vinnudegi á ári í þágu góðs málefnis, en verkefnið ber heitið Hjálparhönd. Að þessu sinni lagði starfsfólk fram Hjálparhönd í yfir 600 klukkustundir samtals.

Hjálparhönd

Verkefnin eru fjölbreytt, en á árinu lagði starfsfólk hönd á plóg við skógrækt, strandhreinsun með Bláa hernum og að perla fyrir Kraft. Margar deildir bankans hafa um árabíl stutt við sama málefni eða félagasamtök, en til að mynda hefur hópur starfsfólks tekið til hendinni við jólaþríf og -skreytingar í Ljósinu á hverri aðventu síðan 2016.

Samfélagsstyrkir og met í Reykjavíkumaraþoni

Ýmis verkefni hlutu styrki frá bankanum á árinu 2023, þar á meðal *Alzheimersamtökin*, *Einstök börn* og *Píeta samtökin*. Málefni voru m.a. valin á **Góðgerðardegi Íslandsbanka**, þar sem starfsfólki var boðið upp á að safna styrk fyrir málefni að eigin vali með alls kyns þrautum, svo sem armbeyggjukeppni.

Met var slegið í Reykjavíkumaraþoni, þar sem söfnuðust tæpar 200 milljónir króna og var slegið met frá árinu 2019 þegar söfnuðust 167 milljónir króna. Afraksturinn rennur svo til þeirra góðgerðarfélaga sem skráð eru hjá hlaupinu.

Bankinn er jafnframt aðalstyrktaraðili Reykjavíkumaraþons, sem er stærsta góðgerðarsöfnun landsins. Íslandsbanki greiðir allan kostnað við vef Hlaupastyrks og söfnun áheita og renna þau því óskert til félaganna. Að þessu sinni voru skráðir til þátttöku 11.300 hlauparar á öllum aldri frá 84 löndum en í ár gátu þátttakendur í fyrsta sinn skráð sig í þrjá kynjaflokka.



Sjálfbærnimarkmið fram á veginn

Sjálfbærnimarkmið Íslandsbanka eru samþykkt af stjórn og hafa skýra tengingu við heimsmarkmiðin auk þess að samræmast öðrum alþjóðlegum viðmiðum. Í samræmi við grunn að tvöfaldri mikilvægisgreiningu bankans hefur áhersla verið lögð á loftslagsbreytingar, og neytendur og viðskiptavinir, og jafnréttismál úr fyrri áhrifagreiningu bankans, en þar eru talin mest tækifæri til að vera hreyfiafl til góðra verka.





Efnahagságrip



Efnahagságrip

Viðsnúningur varð í íslensku hagkerfi á síðasta ári eftir kraftmikinn vöxt sem að stórum hluta var knúinn af vaxandi innlendri eftirspurn. Merki eru um tímabundinn samdrátt í einkaneyslu og fjárfestingu á sama tíma og viðskiptajöfnuður hefur farið batnandi og þenslumerkjum hefur fækkað á íbúða- og vinnumarkaði. Horfur eru á hægum vexti íslenska hagkerfisins í ár. Vöxturinn mun væntanlega hvíla á útflutningsgreinum framan af ári en innlend eftirspurn sækja í sig veðrið þegar líður á árið samhliða hjaðnandi verðbólgu og lítilsháttar lækkun vaxta.

Árið 2023

Eftir kraftmikinn hagvaxtarkipp árin 2021–2022 tók að hægja á vaxtartaktinum á síðasta ári. Innan ársins 2023 fór hagvöxtur frá því að vera 7,0% á fyrsta fjórðungi ársins niður í 1,1% á þriðja fjórðungi. Á þriðja fjórðungi skruppu einnig þjóðarútgjöld, sem endurspeglar innlenda eftirspurn, saman milli ára í fyrsta sinn frá faraldursárinu 2020. Vöxturinn á fjórðungnum skýrðist því nær alfarið af auknum þjónustuútflutningi og samdrætti í innflutningi.

Á fyrstu níu mánuðum ársins mældist hagvöxtur ríflega 4%. Horfur eru á að hagvöxtur hafi verið lítill á lokafjórðungi síðasta árs og samsetning vaxtarins áþekk og á fjórðungnum á undan. Á heildina lítið er útlit fyrir að hagvöxtur hafi verið 3,0% á árinu 2023.

Einkaneysluvöxtur var í grennd við 1% á síðasta ári og hefur hann ekki verið hægari frá upphafsári faraldursins. Hægur vöxtur einkaneyslu skýrist meðal annars af lítilli aukningu kaupmáttar, áhrifum hærri stýrivaxta, lækkandi væntingum almennings til efnahagsþróunar og þess að uppsöfnuðum sparnaði frá faraldurstímanum hafði að verulegum hluta verið ráðstafað misserin á undan.

Eftir tveggja ára myndarlegan vöxt lítur út fyrir að fjármunamyndun hafi skroppið saman í magni mælt á síðasta ári. Samdrátturinn nam ríflega 1 prósentu á fyrstu níu mánuðum ársins 2023 og vísbendingar eru um nokkurn samdrátt á lokafjórðungi ársins. Er þar ekki síst áhrif hækkandi vaxtastigs að koma fram auk þess sem hið opinbera hefur aukið aðhald í rekstri eftir mikinn hallarekstur í faraldrinum.

Jafnvægi á utanríkisviðskiptum eftir tvö hallaár

Vöruskiptahalli og afgangur af þjónustuviðskiptum vógust á í fyrra. Samdráttur bæði í vöruinnflutningi og –útflutningi eftir því sem leið á síðasta ár er til marks um minnkandi spennu í hagkerfinu.

Vöxtur ferðaþjónustu ótrauður áfram allt síðasta ár þrátt fyrir jarðskjálfta og gosróa á lokamánuðum ársins. Alls komu ríflega 2,2 milljónir ferðafólks hingað til lands um Keflavíkurflugvöll í fyrra og var árið það næst stærsta í sögunni að þessu leyti. Þá var einnig talsverður vöxtur í útflutningi annarrar þjónustu.



Vöruskiptahalli á síðasta ári nam alls 394 milljörðum króna og var þar með 93 milljörðum króna meiri en árið 2022. Meiri halli skrifast nær alfarið á minna verðmæti vöruútflutnings, ekki síst í afurðum lykilgreinanna sjávarútvegs og álvinnslu. Vöruinnflutningur var hins vegar nánast óbreyttur á milli ára og þar vógust á meiri innflutningur á fjárfestingavörum, flutningatækjum og mat- og drykkjarvörum annars vegar, en samdráttur í innflutningi á hrá- og rekstrarvörum sem og jarðefnaeldsneyti og skyldum vörum hins vegar.


Vatnaskilin í hagkerfinu frá örum vexti innlendar eftirspurnar til samdráttar á árinu 2023 endurspeglast í bata á jöfnuði utanríkisviðskipta. Eftir tvö hallaár var lítilsháttar afgangur á viðskiptajöfnuði á fyrstu þremur fjórðungum síðasta árs og líklega var viðskiptajöfnuður á árinu í heild því sem næst í jafnvægi.

Minnkandi spenna á vinnumarkaði

Síðustu misseri hefur verið talsverð spenna á vinnu- markaði og samhliða því hefur atvinnuleysi hjaðnað hratt. Eftirspurn eftir vinnuafli hefur verið mætt að stórum hluta af erlendu starfsfólki sem er um 23% af vinnumarkaði og er það helsta ástæða sögulegrar fólksfjölgunar undanfarið. Fólki búsettu á Íslandi fjölgaði um ríflega 3% á síðasta ári sem er svipuð fjölgun og árið áður en afar hröð fólksfjölgun í sögulegu ljósi.


Á nýliðnu ári mældist atvinnuleysi 3,2% og hefur ekki verið lægra síðan árið 2018. Laun hækkuðu um 9,5% að jafnaði í fyrra og þrátt fyrir mikla verðbólgu jókst kaupmáttur launa um 0,7%. Hækkunin var hlutfallslega mest hjá lægri tekjuhópum þar sem kjarasamningar hljóðuðu flestir upp á blöndu af krónutölu- og prósentuhækkunum.

Verg landsframléiðsla og framlag undirliða
Magnbreyting frá fyrra ári (%)



Skyggðar súlur og punktalínur: spá Greiningar Íslandsbanka / Heimild: Hagstofa Íslands

Raungengi íslensku krónunnar og viðskiptajöfnuður
Vitala og hlutfall af VLF



Skyggðar súlur og punktalínur: spá Greiningar Íslandsbanka / Heimild: Seðlabanki Íslands

Prálát verðbólga og hækkandi vextir einkenndu árið 2023


Talsverð sveifla varð í gengi krónu innan ársins 2023. Eftir myndarlega styrkingu frá ársbyrjun fram í ágústlok lækkaði gengi krónu allhratt frá septemberbyrjun fram í seinni hluta nóvember. Í kjölfarið styrktist krónan nokkuð á nýjan leik fram til áramóta og endaði árið örlítið sterkari gagnvart helstu gjaldmiðlum en í ársbyrjun miðað við gengisvísitölu. Trúlega má skýra gengisþróunina innan ársins bæði með flæði vegna utanríkisviðskipta, flæði tengdu fjármagns-hreyfingum og breytingum á stöðutöku með krónu.

Áhrif vaxtahækkana hafa komið skýrt fram á íbúðamarkaði og breyttust aðstæður á markaðinum hratt í kjölfar þess að Seðlabankinn tók að hækka vexti skarpt um mitt ár 2022. Þegar verðhækkanir voru hvað mestar sumarið 2022 nam árshækkun íbúðaverðs 25% og í upphafi ársins 2023 var árshækkunartakturinn 18%. Yfir síðasta ár hækkaði íbúðaverð hins vegar aðeins um ríflega 4%.

Verðbólga reyndist þrálát á síðasta ári. Fór árstaktur hennar hæst í rúmlega 10% snemma á árinu en hafði hjaðnað í 7,7% í árslok. Hjóðnunin hefur þó verið hægari en vonir stóðu til og er verðbólgu markmið Seðlabankans enn langt undan. Að jafnaði mældist verðbólga 8,7% á nýliðnu ári.

Seðlabankinn brást við þrálátri verðbólgu með verulegri hækkun stýrivaxta. Í ársbyrjun voru meginvextir bankans 6,0% en voru komnir í 9,25% í ágústlok. Í kjölfarið hélt bankinn vöxtum óbreyttum út árið. Aukið peningalegt aðhald birtist skýrt í þróun raunvaxta sem voru almennt lágir í ársbyrjun en höfðu hækkað umtalsvert í lok ársins.

Verðbólga eftir uppruna (%)



Heimild: Hagstofa Íslands

Horfur á hæðum hagvexti og hjaðnandi verðbólgu 2024

Útlit er fyrir að hagvöxtur mælist 1,9% á þessu ári. Það er hægur vöxtur í sögulegu tilliti og árið markar í raun hagsveifluskil án þess þó að samdráttur á ársgrunni sé í kortunum. Þróun innan ársins verður væntanlega spegilmynd af þróun síðasta árs í þeim skilningi að útflutningur dregur líklega hagvaxtarvagninn framan af árinu en aukinn þróttur færir síðan í neyslu og fjárfestingu þegar lengra liður á árið.

Horfur eru á áframhaldandi vexti ferðapjónustunnar á árinu. Leiðandi vísbendingar á borð við úthlutun flugstæða og bókunarþróun benda til þess að árið 2024 verði metár hvað ferðamannafjölda varðar þótt áhrif af viðvarandi jarðhræringum á Reykjanesi gætu sett þar strík í reikninginn. Alls er útlit fyrir að ríflega 2,4 milljónir ferðafólks heimsæki Ísland í ár. Þá eru horfur á vexti í ýmsum öðrum útflutningsgreinum í þjónustugeira sem byggja að mestu á hugviti og sérhæfingu. Lítilsháttar samdráttur verður hins vegar líkast til í vöruútflutningi vegna skömmtnar á orku til álvera og rýrrar loðnuvertíðar.


Hátt vaxtastig, hæg kaupmáttaraukning og lítilsháttar aukning á atvinnuleysi ásamt öðrum þáttum draga úr einkaneysluvexti frá því sem var fyrir á áratugnum. Útlit er fyrir að einkaneysla vaxi um 1,0% í ár. Þá er útlit fyrir að fjárfesting verði nær óbreytt á árinu frá fyrra ári enda fjármögnun dýr um þessar mundir. Þar togast væntanlega á hóflegur vöxtur í íbúðafjárfestingu og fjárfestingu hins opinbera annars vegar og samdráttur í atvinnuvegafjárfestingu hins vegar.

Útlit er fyrir að laun hækki öllu hægari á yfirstandandi ári en hinu síðasta þótt mikil óvissa sé enn um lyktir yfirstandandi kjaraviðræðna. Horfur eru á 6,5% hækkun launa að jafnaði og mun slík hækkun launa skila um það bil 1,2% kaupmáttarvexti. Minnkandi eftirspurnarspenna á vinnumarkaði er líkleg til að leiða til heldur hærri atvinnuleysisstigs en verið hefur síðustu misserin og gæti atvinnuleysishlutfallið orðið tæplega 4% að jafnaði.

Horfur eru á hóflegri styrkingu krónu á árinu 2024, meðal annars vegna hagfelldari utanríkisviðskipta en árin á undan, umtalsverðs vaxtamunar við útlönd og aukins áhuga erlendra stofnanafjárfesta á innlendum verðbréfum. Á móti vega fjárfestingar lífeyrissjóða og annarra innlendra aðila utan landsteinanna. Útlit er fyrir að gengi krónu verði að jafnaði ríflega 2% sterkara í ár en á síðasta ári.

Útlit er fyrir að verðbólga hjaðni nokkuð hratt framan af árinu. Minni innflutt verðbólga og hægari hækkun íbúðaverðs eru meginástæður þess. Gæti ársverðbólga mælst 5,0% um mitt ár. Helsti óvissuþáttur til skemmri tíma er verðþróun á íbúðamarkaði og gengi krónu sem þarf

Skuldir heimila, fyrirtækja og hins opinbera
% af VLF



Heimild: Seðlabanki Íslands

að haldast stöðugt til að þetta gangi eftir. Þá er útkoma kjaraviðræðna stór óvissuþáttur um verðbólguþróun þegar frá líður. Hjöðnun verðbólgu og minnkandi eftirspurnarspenna eykur líkur á að vaxtahækkunarferli Seðlabankans hafi lokið í lok sumars 2023 og að stýrivextir verði óbreyttir í 9,25% fram á vor. Ef verðbólga hjaðnar og dregur úr spennu í hagkerfinu líkt og spáð er gæti vaxtahækkunarferli hafist á vordögum. Það verður þó hægfara fyrst í stað og stýrivextir áfram háir á komandi fjórðungi. Í árslok 2024 er útlit fyrir að stýrivextir verði um það bil 8%.

Árið 2024 markar því tiltekin vatnaskil í efnahagsþróun eftir snarpt en stutt vaxtarskeið og gæti bætt nokkuð að nýju í hagvaxtartaktinn á næstu árum.





Fjármál og fjármögnun



Fjármál og fjármögnun

Rekstrarreikningur

Stöðugur vöxtur í grunntekjum á árinu samanborið við 2022

Hreinar vaxtatekjur á fjórða ársfjórðungi námu 11,7 milljörðum króna, sem er samdráttur um 5% frá sama ársfjórðungi árið áður, þegar hreinar vaxtatekjur voru 12,3 milljarðar króna. Helstu ástæðurnar liggja í hærra vaxtaumhverfi og stærri efnahagsreikningi samanborið við fjórða ársfjórðung 2022. Vaxtatekjur ársins 2023 jukust um 12,7% frá fyrra ári, voru 43,1 milljarður króna árið 2022 en námu alls 48,6 milljörðum króna árið 2023. Seðlabanki Íslands hélt stýrivöxtum óbreyttum í 9,25% á fjórða ársfjórðungi, en þeir voru 5,9% að meðaltali á sama ársfjórðungi í fyrra. Vaxtamunur á heildareignum var 2,9% á fjórða ársfjórðungi 2023, en var 3,1% á fjórða

ársfjórðungi 2022 og 3,0% fyrir árið 2023 (var 2,9% fyrir 2022). Vaxtamunur útlána var 1,8% á fjórðungnum, sem er sama hlutfall og á fjórða ársfjórðungi 2022. Þá var vaxtamunur innlána 1,9% á fjórða ársfjórðungi 2023, samanborið við 2,1% á sama ársfjórðungi í fyrra.

Þóknatekjur lækkuðu um 6,6% samanborið við fjórða ársfjórðung 2022, og voru 3,8 milljarðar króna. Tekjur af kortum og greiðslumiðlun voru áfram stærsti einstaki hluti þóknatekna á fjórða ársfjórðungi ársins. Þóknatekjur af fjárfestingabankastarfsemi og miðlun og aðrar þóknatekjur koma þar næst á eftir.



“Afkoman góð á annasömu ári

Afkoma Íslandsbanka árið 2023 var góð og reksturinn gekk vel. Arðsemi var 11,3% á árinu sem er yfir fjárhagslegum markmiðum bankans. Tekjumyndunin var sterk með 12% aukningu á árinu. Kostnaðarhlutfall fyrir árið var 41.6% sem er það sama og á fyrra ári. Virðisýrjun útlána nam 1.015 milljónum króna á árinu, vegna óvissu tengdri jarðhræringum og áhrifum á Grindavík. Á árinu hægði á vexti útlána og nam hann 3%. Innlán jukust um 8% og eru þau áfram helsti fjármögnunarliður bankans. Erlendum útgáfum bankans var

vel tekið og þegar líða tók á árið má segja að markaðir erlendis hafi færst nær eðlilegu horfi eftir krefjandi tíma undanfarna 18 mánuði. Bankinn er vel fjármagnaður og eru öll lausafjár- og eiginfjárlutföll yfir markmiðum og kröfum eftirlitsaðila. Stjórn bankans mun því leggja til á aðalfundi að greiddur verði 12,3 milljarða króna arður, sem er í samræmi við arðgreiðslustefnu bankans. Úthlutun á allt að 10 milljörðum króna af umfram eigin fé almenns þáttar 1 (CET1) eru áformuð á árinu, meðal annars með endurkaupum á eigin bréfum.



Ellert Hlökkversson
Frámkvæmdastjóri Fjármála

Samanborið við þriðja ársfjórðung 2023 hækkuðu tekjur af kjarnastarfsemi bankans um 1,7% á fjórða ársfjórðungi 2023, voru 15,5 milljarðar króna en voru 15,2 milljarðar króna á þriðja ársfjórðungi ársins. Tekjur af kjarnastarfsemi bankans eru áfram mikilvægasti tekjupátturinn í rekstri bankans, en vaxtatekjur og þóknatekjur námu samanlagt 95% af heildartekjum bankans á fjórða ársfjórðungi, en námu 102% á sama fjórðungi í fyrra.

Hreinar fjármunatekjur námu 455 milljónum króna á fjórða ársfjórðungi 2023 samanborið við tap upp á 899 milljónir króna á fjórða ársfjórðungi 2022. Breytingin skýrist að mestu leyti af töluverðri lækkun vaxtaferilsins og viðsnúningi á hlutabréfamarkaði á fjórða ársfjórðungi 2023.

Kostnaðarhlutfall á fjórðungnum – fjárhagslegu markmiði náð

Kostnaðarhlutfall á fjórða ársfjórðungi var 42,7%, samanborið við 40,6% á sama ársfjórðungi ársins 2022. Þetta er í samræmi við afkomuspá bankans um kostnaðarhlutfall á bilinu 40–45% og leiðir til þess að fjárhagslegu markmiði um að hlutfallið sé lægra en 45% er náð.

Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 3,8% á fjórða ársfjórðungi 2023 samanborið við fjórða ársfjórðung ársins

2022 og voru 3,9 milljarðar króna á nýliðnum fjórðungi. Annar stjórnunarkostnaður hækkaði um 11,1% samanborið við fjórða ársfjórðung á fyrra ári. Skýringu hækkunarinnar er aðallega að finna í verðbólgu og fjárfestingum í upplýsingatækni.

Virðisbreyting fjáreigna á fjórða ársfjórðungi 2023

Virðisrýrnun fjáreigna nam 1.002 milljónum króna á ársfjórðungnum (samanborið við virðisrýrnun um 647 milljónir króna á fjórða ársfjórðungi ársins 2022). Þrátt fyrir að áhætta bankans vegna fasteignalána í Grindavík sé takmörkuð var færð viðbótarvirðisrýrnun sem nemur 1,7 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi 2023. Horfur með tilliti til virðisrýrnunar eru að öðru leyti tiltölulega góðar vegna lítils atvinnuleysis og góðra hagvaxtarhorfa. Vaxtahækkunarir hafa ekki leitt til neikvæðrar þróunar á vanskilavísu. Áhættukostnaður útlána (e. cost of risk), reiknaður sem hrein virðisbreyting sem hlutfall af meðalstöðu útlána á ársgrundvelli, var 0,33 prósentustig á fjórða ársfjórðungi, samanborið við 0,22 prósentustig á fjórða ársfjórðungi 2022. Í afkomuspám sínum miðaði bankinn við að áhættukostnaður útlána væri á bilinu 0,25–0,30 prósentustig í gegnum hagsveifluna en miðar við um 0,25 prósentustig árið 2024.

Efnahagsreikningur

Höflegur vöxtur útlána – lánasafn bankans er fjölbreytt og með góða tryggingastöðu


Útlán til viðskiptavina jukust á fjórðungnum sem nemur 1,1% og námu 1.223 milljónum króna í lok fjórða ársfjórðungs. Húsnæðislán voru 43% af heildarútlánunum til viðskiptavina í lok fjórðungsins. Tryggingar að baki útlánunum til viðskiptavina eru almennt traustar, þar sem íbúða- og atvinnuhúsnæði eru meirihluti undirliggjandi trygginga. Vegið meðaltal veðsetningarhlutfalls (LTV) lánasafns bankans var 57% í lok fjórða ársfjórðungs 2023, en var 58% í lok árs 2022. Veðsetningarhlutfall húsnæðislánasafns bankans var 57% í lok fjórða ársfjórðungs en var 60% í lok árs 2022.

Sterkt eignasafn – aukning lána á stigi 2 vegna húsnæðislána í Grindavík


Bankinn merkir ekki aukningu á vanskilum á húsnæðislánunum en stýrivaxtahækkunarir liðinna missera hafa leitt til þess að viðskiptavinir leita nú í auknum mæli í verðtryggð húsnæðislán.

Í lok fjórða ársfjórðungs 2023 voru lán með umliðun (ekki á stigi 3) án laskaðs lánshæfis 2,1%, sem er hækkun úr 1,9% í lok þriðja ársfjórðungs 2023. Í lok fjórða ársfjórðungs var hlutfall lána með laskað lánshæfi á stigi 3, 1,8%, óbreytt frá


Arðsemi eigin fjár




Hagnaður eftir skatta (m. kr.)



Kostnaðarhlutfall




Heildareignir
(ma. kr.)


fyrri fjórðungi. Fyrir húsnæðislanasafn bankans var hlutfallið 0,9% í lok fjórða ársfjórðungs, samanborið við 0,8% í lok þriðja ársfjórðungs.

Lán til viðskiptavina með verulega aukningu á útlánahættu (á stigi 2) voru 3,3% í lok fjórða ársfjórðungs, samanborið við 2,6% í lok þriðja ársfjórðungs ársins. Að því er varðar húsnæðislanasafn bankans var hlutfall lána á stigi 2, 1,8% í lok fjórða ársfjórðungs, samanborið við 1,1% í lok þriðja ársfjórðungs 2023. Aukningin leiðir af tilfærslum útlána í Grindavík af stigi 1 yfir á stig 2. Áhætta bankans vegna fasteignalána í Grindavík er takmörkuð, eða um 0,4% af heildarútlánunum til viðskiptavina.

Innlán eru áfram helsti fjármögnunarliður bankans

Bankinn tekur mið af samsetningu útlánasafna við fjármögnun og notar að mestu þrjár fjármögnunarleiðir: stöðug innlán, sértryggt skuldabréf og almenn skuldabréf. Innlán viðskiptavina drógust saman um 1,2% á fjórða ársfjórðungi, en jukust ef horft er á árið í heild um 60,8 milljarða króna, eða sem nemur 7,7%. Fylgst er náið með samþjöppunaráhættu á

Útlán til viðskiptavina
(ma. kr.)


innlánunum og var hún áfram stöðug á fjórða ársfjórðungi ársins 2023. Hlutfall útlána viðskiptavina af innlánunum var 144% í lok fjórða ársfjórðungs, sem er hækkun frá síðasta ársfjórðungi þegar það var 140%. Þegar húsnæðislán sem fjármögnuð eru með sértryggtum skuldabréfum eru undanskilin, var hlutfallið 119% á fjórða ársfjórðungi, til samanburðar við 111% í lok september 2023.

Á fjórða ársfjórðungi 2023 seldi bankinn almenn skuldabréf að fjárhæð 500 milljónir sænskra króna til þriggja ára á álagi sem svarar til STIBOR að viðbættum 270 punktum. Bankinn gerði einnig endurkaupatilboð í skuldabréf í norskum og sænskum krónum sem voru á gjalddaga árið 2024 til að lækka lausafjástöðu sína. Endurkaupatilboðið leiddi til þess að bankinn keypti skuldabréf fyrir alls 589 milljónir norskra króna og 481 milljón sænskra króna. Í desember 2023 gaf bankinn út almenn skuldabréf fyrir 5 milljarða króna. Loks seldi bankinn sértryggt skuldabréf fyrir 8 milljarða króna og keypti til baka sem nemur 23,5 milljörðum króna af sértryggtum skuldabréfum á fjórðungnum.


Lausafjárþekjuhluftall (LCR) bankans var 195% í lok fjórða ársfjórðungs, en var 247% í lok þriðja ársfjórðungs ársins 2023. Lækkunin var að mestu vegna endurkaupa útistandandi skuldbindinga þar sem lausafjárstaða bankans er sterk og vel yfir kröfum í öllum helstu gjaldmiðlum. Bankinn kann að horfa til frekari endurkaupa eða endurfjármögnunar útistandandi skuldbindinga á komandi mánuðum, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.

Sterk eiginfjárstaða og hlutföll vel yfir kröfum


Heildar eigið fé nam 225 milljörðum króna í lok fjórða ársfjórðungs, samanborið við 219 milljarða króna í lok árs 2022. Í lok fjórða ársfjórðungs 2023 var heildareiginfjárluftall bankans 25,3%, samanborið við 22,2% í lok árs 2022. Samsvarandi eiginfjárluftall þáttar 1 (e. Tier 1) var 22,5% samanborið við 19,8% í lok árs 2022. Eiginfjárluftall almenns þáttar 1 (CET1), var 21,4% samanborið við 18,8% í lok árs 2022 sem jafngildir 620 punktum yfir kröfu, og yfir fjárhagslegu markmiði bankans um að vera með 100–300 punkta eiginfjárlauka ofan á kröfur eftirlitsaðila. Hækkun á sveiflujöfnunarauka um hálf prósentustig tekur gildi í marsmánuði 2024 og mun það hækka heildareiginfjárluftöfu bankans úr 19,8% í 20,3%, að því gefnu að engar frekari breytingar eigi sér stað.

Íslandsbanki notar staðalaðferð til að reikna út áhættugrunn (e. REA), sem nam 977 milljörðum króna í lok fjórða ársfjórðungs 2023, samanborið við 999 milljarða króna í árslok 2022. REA nemur 61,7% af heildareignum í lok fjórða ársfjórðungs 2023, samanborið við 63,8% í lok árs 2022. Á fjórða ársfjórðungi 2023 endurskilgreindi bankinn stöðutöku sína í skuldabréfum í lausafjárþekju úr veltubók yfir í fjárfestingarþekju, í samræmi við breytingu á 104. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2023 um eiginfjárluftöfu (CRR). Seðlabanki Íslands heimilaði bankanum að raungera samhliða breytingu á eiginfjárbindingu í samræmi við framangreinda reglugerð. Skuldabréf í lausafjárþekju námu 174 milljörðum


Heildarlausafjárþekjuhluðfall



Vogunarhlutfall



Eiginfjárluðfall¹



króna í lok þriðja ársfjórðungs og endurskilgreiningin leiðir til lækkunar á áhættugrunni (REA) sem nemur 8,2 milljörðum króna. Markmið tilfærslunnar er að aðlaga innri umsýslu lausafjársefnisins betur að fjárfestingarmarkmiðum þess, eins og kveðið er á um í uppfærðum ákvæðum CRR.

Skuldsetningarhlutfall var 13,4% í lok fjórðungsins samanborið við 12,1% í lok árs 2022.

Bestun efnahagsreiknings, arðgreiðslur og úthlutun á umfram eigin fé

Stjórn Íslandsbanka mun leggja til 12,3 milljarða króna arðgreiðslu við aðalfund bankans í mars. Það er í samræmi við arðgreiðslustefnu bankans um að greiða um 50% af hagnaði fyrra árs í arð til hluthafa.

Samhliða birtingu ársuppgjörs fyrir árið 2022 í febrúar 2023 kynnti Íslandsbanki áform sín um að hefja 5 milljarða króna endurkaup á eigin bréfum. Árið 2023 keypti bankinn samtals 20.390.831 eigin hlut, sem samsvarar 1,02% af útgefnu hlutafé á grundvelli endurkaupaáætlunar sinnar. Heildarfjárhæð sem varið var til endurkaupa á árinu nam alls 1.967.631.103 krónum.

Bankinn heldur áfram að kanna leiðir til að ná fram bestun á eiginfjársamsetningu sinni. Útgreiðsla á allt að 10 milljörðum króna af umfram eigin fé almenns þáttar 1 (CET1), með endurkaupum á eigin bréfum, mun halda áfram á árinu 2024, að því gefnu að aðalfundur samþykki tillögu þess efnis á aðalfundi bankans. Frekari bestun á samsetningu eiginfjár er áætluð fyrir lok árs 2025, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.



Stjórnskipulag



Stjórnskipulag

Stjórnun og yfirráð yfir Íslandsbanka skiptast á milli hluthafa, stjórnar og bankastjóra í samræmi við samþykktir bankans og viðeigandi lög og reglur.

Samþykktir Íslandsbanka

Samþykktir Íslandsbanka kveða meðal annars á um tilgang bankans, hlutafé, hluthafafundi, kosningu stjórnar og skyldur hennar.

Samþykktir Íslandsbanka

Hluthafar Íslandsbanka


Eignarhald bankans

Bankinn birtir á vefsíðu sinni lista yfir hluthafa bankans sem eiga eignarhlut yfir 1%.

Hlutabréf í bankanum eru skráð á aðalmarkað Nasdaq Iceland. Bankasýsla ríkisins, fyrir hönd íslenska ríkisins, er stærsti hluthafinn í bankanum og fer með 42,9% eignarhlut, að teknu tilliti til eigin hluta bankans, í samræmi við lög nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins og eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki. Markmið ríkisins sem eiganda er að starfsemi bankans stuðli að trausti og trúverðugleika fjármálamarkaðar og samkeppni á fjármálamarkaði, auk þess að hámarki langtíma virði fyrir ríkissjóð að teknu tilliti til áhættu.



Skipurit Íslandsbanka



Stjórn og undirnefndir stjórnar

Stjórn Íslandsbanka hefur eftirlit með starfsemi bankans og að hún sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemi hans gilda, góða viðskipta- og stjórnarhætti og þær reglur sem stjórn hefur sett um starfsemi bankans.

Stjórn Íslandsbanka

Á aðalfundi hvers árs eru kosnir sjö einstaklingar, auk tveggja varamanna, í stjórn bankans til eins árs í senn. Nánar er kveðið á um störf stjórnar í starfsreglum stjórnar.

Starfsreglur stjórnar

Undirnefndir stjórnar

Til þess að styðja við þróun, innleiðingu og eftirlit með viðfangsefnum stjórnar sem krefjast aukinnar sérþekkingar eða athygli skipar stjórn sérstakar undirnefndir stjórnar sem starfa samkvæmt erindisbréfi frá stjórn. Nefndirnar eru þrjár og eru allar skipaðar stjórnarmönnum. Erindisbréf nefndanna eru aðgengileg á vef bankans.

Áhættunefnd

Endurskoðunarnefnd

Stjórnarháttá- og mannauðsnefnd



Stjórn bankans

Nánari upplýsingar



Linda Jónsdóttir

Stjórnarmaður og
formaður stjórnar
frá júlí 2023



**Agnar Tómas
Möller**

Stjórnarmaður
frá mars 2023



**Anna
Þórðardóttir**

Stjórnarmaður
frá apríl 2016



**Haukur Örn
Birgisson**

Stjórnarmaður
frá júlí 2023



**Helga Hlín
Hákonardóttir**

Stjórnarmaður
frá júlí 2023



**Páll Grétar
Steingrímsson**

Stjórnarmaður
frá janúar 2024



**Stefán
Pétursson**

Stjórnarmaður og
varaformaður stjórnar
frá júlí 2023

Bankastjóri og ráðgefandi nefndir

Bankastjóri ber ábyrgð á að rekstur og starfsemi bankans sé á hverjum tíma í samræmi við samþykktir bankans, samþykktar stefnu, fyrirmæli stjórnar og viðeigandi lög.

Bankastjóri ræður framkvæmdastjóra yfir starfssvið bankans og skipar nefndarmenn í ráðgefandi nefndir bankastjóra. Ráðgefandi nefndir bankastjóra skiptast í stefnu- mótunarnefndir, sem sjá um innleiðingu á stefnu stjórnar, og viðskiptanefndir, sem taka afstöðu til einstakra viðskiptaerinda.

Framkvæmdastjórn og áhættustefnunefnd teljast til stefnumótunarnefnda og taka lykilávarðanir er varða innleiðingu á þeirri stefnu sem mörkuð er af stjórn. Í þeim eiga sæti allir framkvæmdastjórar bankans auk annarra stjórnenda sem skipaðir eru af bankastjóra.

Framkvæmdastjórn hefur yfirsýn og samhæfir lykilþætti í starfsemi Íslandsbanka og fer með ákvörðunarvald í þeim málefnum bankans sem bankastjóri felur henni í samræmi við stefnu, markmið og áhættuvilja stjórnar.

Áhættustefnunefnd tekur lykilávarðanir er varða innleiðingu á umgjörð áhættustýringar og innra eftirlits og hefur eftirlit með því að áhættusnið bankans sé innan ramma yfirlýsingar stjórnar um áhættuvilja.

Viðskiptanefndir bankans taka afstöðu til einstakra viðskipta- eða rekstrarerinda í samræmi við stefnu, reglur og önnur mörk sem samþykkt hafa verið af stjórn, framkvæmdastjórn eða áhættustefnunefnd. Viðskiptanefndir bankans eru *yfirlánanefnd, efnahagsnefnd, fjárfestingarráð, rekstrar- og öryggisnefnd, sjálfbærnnefnd og stafræn vörunefnd.*



Framkvæmdastjórn bankans

Nánari upplýsingar



Jón Guðni Ómarsson
Bankastjóri



**Barbara Inga
Albertsdóttir**
Framkvæmdastjóri
Regluvörslu



**Ellert
Hlöðversson**
Framkvæmdastjóri
Fjármála



**Guðmundur Kristinn
Birgisson**
Framkvæmdastjóri
Áhættustýringar



**Kristín Hrönn
Guðmundsdóttir**
Framkvæmdastjóri
Fyrirtækja og fjárfesta



Ólöf Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri
Einstaklinga



Riaan Dreyer
Framkvæmdastjóri
Stafrænnar þróunar
og gagna



Una Steinsdóttir
Framkvæmdastjóri
Viðskiptabanka

Staðfesting óháðs endurskoðanda

Til Íslandsbanka hf.

Inngangur

Við vorum ráðin af stjórn Íslandsbanka hf. (bankinn) til að veita álit með takmarkaðri vissu (e. limited assurance) á völdum upplýsingum í Árs- og sjálfbærnisráðgjöf Íslandsbanka fyrir árið 2023.

Umfang

Umfang vinnu okkar takmarkaðist við að leggja mat á:

- Kaflann „Sjálfbær Íslandsbanki“ á bls. 36 til 57 í Árs- og sjálfbærnisráðgjöf bankans fyrir árið 2023. Meginefni kaflans er eftirfarandi:
 - UFS uppgjör bankans; umhverfispættir á bls. 44, félagslegir þættir á bls. 47 og stjórnarhættir á bls. 53
 - Sjálfbær útlán undir Sjálfbærum fjármálaramma á bls. 41
 - Áhrifamælikvarðar á bls. 42
 - Kolefnisjöfnun bankans fyrir árið 2023 á bls. 46
 - Fjármagnaður útblástur, upplýsingar í töflum á bls. 44, er varða heildarlosun bankans árin 2022 og 2023 sem og kolefnisspor af lána- og eignasafni 2023, í samræmi við PCAF aðferðafræðina.
- Sjálfsmatsskýrslu Íslandsbanka við að uppfylla Viðmið um ábyrga bankastarfsemi (PRB) fyrir árið 2023, samkvæmt sniðmáti sem gefið er út af UNEP FI.

Saman: “valdar upplýsingar”

Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga í Árs- og sjálfbærnisráðgjöf bankans.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjórnar á Árs- og sjálfbærnisráðgjöf

Stjórn bankans og framkvæmdastjórn eru ábyrg fyrir að útbúa og stilla upp Árs- og sjálfbærnisráðgjöf bankans, og sjálfsmatsskýrslu fyrir Viðmið um ábyrga bankastarfsemi (PRB). Þessi ábyrgð felur í sér að innleiða og viðhalda innra eftirliti, viðhalda skrásetningu gagna og að meta matskennda liði sem skipta máli fyrir Árs- og sjálfbærnisráðgjöf, þannig að skýrslan sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð óháðs endurskoðanda

Ábyrgð okkar er að láta í ljós álit með takmarkaðri vissu á völdum upplýsingunum sem tilgreindar eru að ofan byggt á þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og þeirra gagna sem við höfum aflað.

Við höfum framkvæmt vinnu okkar í samræmi við staðalinn ISAE 3000 Assurance Engagements Other than Audits or Reviews of Historical Information sem útgefinn er af IAASB. Staðfestingarverkefni með álit með takmarkaðri vissu felur í sér að senda fyrirspurnir, þá einna helst á þá aðila sem eru ábyrgir fyrir gerð Árs- og sjálfbærnisráðgjöf. Einnig eru gerðar greiningar á gögnum og aðrar aðgerðir sem veita takmarkaða vissu, líkt og skoðun á skjölum og prófun á úrtaki úr völdum upplýsingunum.

Aðgerðir sem framkvæmdar eru í staðfestingarverkefnum með takmarkaðri vissu eru af öðru eðli og umfangsminni en þær aðgerðir sem framkvæmdar eru fyrir staðfestingarverkefni með nægilegri vissu (e. reasonable assurance) í samræmi við alþjóðlega staðla IAASB um endurskoðun (e. IAASB's Standards on Auditing and other generally accepted auditing standards). Aðgerðirnar veita okkur þar af leiðandi ekki nægilega vissu um að við höfum fundið alla þá annmarka sem við hefðum fundið ef framkvæmdar hefðu verið aðgerðir fyrir staðfestingu á nægilegri vissu. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit með nægilegri vissu.

Óhæði og gæðastjórnun

Deloitte ehf. lýtur ISQM 1 (e. International Standard on Quality Management), alþjóðlegum staðli um gæðakerfi, og heldur í samræmi við hann uppi alhliða gæðakerfi sem inniheldur t.a.m skjalfestar stefnur og reglur varðandi siðferðiskröfur, faglega staðla og viðeigandi kröfur í tengslum við laga- og regluverk. Við erum óháð Íslandsbanka og höfum uppfyllt aðrar kröfur um siðferðislega ábyrgð í samræmi við siðareglur endurskoðenda.

Deloitte.

Álit

Byggt á þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og þeirra gagna sem við höfum aflað, hefur ekkert komið í ljós sem bendir til nokkurs annars en að völdum upplýsingarnar sem settar eru fram í Árs- og sjálfbærnisráðgjöf bankans og PRB skýrslu sniðmáti bankans, séu að öllu verulegu leyti settar fram í samræmi við skilyrði.

Kópavogi, 8. febrúar 2024

Deloitte ehf.

Geir Steindórsson
Löggiltur endurskoðandi

